



Kiktu í BT
BT
 Pollgata 4 • sími 550-4444 • bt.is

Nýtt og öflugt
verkfæri
 til íbúðakaupa **Íbúðalán.is**
 www.ibudalan.is

- Greiðslumat á netinu
- Lánsúmsókn á netinu

Afgreiðsla
 Landsbankans
 í Neista er opin
 fimmtudaga og
 föstudaga
 frá kl. 16-18
 Sími 410 8119

Landsbankinn
 Sími 410 4156
 Fax 410 3018

Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINS BESTA
 Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Veffang: www.bb.is • Verð kr. 250 m/vsk

Miðvikudagur 27. apríl 2005 · 17. tbl. · 22. árg.

Ísafjörður
Skar niður læri og gaf fólki
 Að kvöldi síðasta vetrardags var lögreglunni á Ísafirði tilkynnt um mann með hnif á skemmtistað í bænum. Þegar lögreglu bar að garði kom í ljós að maðurinn hugðist nota hnifinn til að skera niður hangikjötslæri sem hann hafði meðferðis og gefa fólki í kringum sig sneiðar af kjötinu. Maðurinn ógnaði engum, en hnifurinn var stærri en lög leyfa og var hann því haldlagður. Hann fékk þó að halda lærinu.



Leikskólabörn fögnuðu sumri

Börnin á leikskólanum Tjarnarbæ á Suðureyri fóru í sumar- og sólargöngu á síðasta vetrardag. „Pau óskuðu vegfarendum gleðilegs sumars og þökkðu jafnaframt fyrir veturinn. Pau hittu m.a. börnin í grunnskólanum og fóru í fyrirtæki og sungu sólarlög fyrir alla. Síðast en ekki síst hittu börnin „Jarlinn“ á Suðureyri eða Þorleif Guðnason þar sem hann var á ferðinni á eðalvagni sínum. Þegar heim var komið var börnunum boðið upp á pönnukökur sem borðaðar voru af bestu lyst“, segir Lilja Einarsdóttir, leikskólakennari á Tjarnarbæ. Í vist á Tjarnarbæ eru á þriðja tug barna á aldrinum eins árs til sex ára. Á meðfylgjandi mynd Lilju Einarsdóttur má sjá börnin ásamt Þorleifi. – *thelma@bb.is*

Ísafjörður
Árekstur í miðbænum
 Þrjú umferðaróhöpp urðu í umdæmi lögreglunnar á Ísafirði í liðinni viku. Árekstur varð í miðbæ Ísafjarðar á miðvikudag og urðu engin slys á fólki. Að kvöldi sama dags var lögreglu tilkynnt um annað umferðaróhöpp á Hrafnseyrarheiði. Þar hafði ökumaður misst stjórn á jeppabifreið sem rann út af veginum og valt. Ökumann, sem var einn í bifreiðinni, sakaði ekki. Þriðja umferðaróhappið varð á Hvilftarströnd er ökumaður missti stjórn á bifreið sinni sem hafnaði utan vegar. Á fimmtudag var tilkynnt til lögreglunnar um að útvarpstæki hafi verið stolið úr bíl sem stóð við Bílaverkstæði Ísafjarðar. Þeir sem einhverjar upplýsingar geta gefið um þann þjófnað eru hvattir til að hafa samband við lögreluna á Ísafirði.

Útboð á mötuneyti grunnskóla í stað mötuneyta leikskólanna?

Á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar á mánuðag var lögð fram tillaga frá Halldóri Halldórssyni, bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar um að boðin verði út starfsemi mötuneytis við Grunnskólann á Ísafirði. Jafnframt voru lagðar á hilluna hugmyndir um útboð á mötuneyti fyrir leikskóla bæjarins sem fjármálastjóri bæjarins lagði til fyrir skömmu. Reiknað er með að einkarekið mötuneyti taki til starfa í haust. Um nokkurt skeið hefur skipulag mötuneyta í skólaföstudögum Ísafjarðarbæjar verið til umræðu innan stjórnarsýslu Ísafjarðarbæjar og einkum hefur sú umræða verið um mötuneyti leikskóla bæjarins. Að frumkvæði fræðslunefndar bæjarins vann Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen skýrslu um starfsemi mötuneyta leikskólanna. Niðurstaða skýrslunnar var sú að ekki væri vænlegt að fara í slíkt útboð. Þórir Sveinsson fjármálastjóri bæjarins sendi bæjarráði umsögn um skýrsluna þar sem hann komst að annarri niðurstöðu og lagði í framhaldinu til að rekstur mötuneytis leikskólanna á Ísafirði yrði boðin út. Nefndi fjármálastjóri í umsögn sinni nokkrar tölur máli sínu til stuðnings sem VST sagði síðar að væru allar rangar. Taldi VST að umsögn fjármálastjóra vega mjög að heidri starfsmanna sinna og fyrirtækisins í heild. Í framhaldinu fól bæjarráð bæjarstjóra að vinna greinargerð um málið og óskaði einnig eftir skýringum fjármálastjóra. Þess má einnig geta að leikskólastjórar allra leikskóla í Ísafjarðarbæ lögðust gegn útboði á rekstri mötuneytanna. – *hj@bb.is*

Samkaup úrval

OPIÐ:
 virka daga
 kl. 09 - 21
 laugard. 10-21
 sunnud.
 kl. 12 - 21
Verið velkomin!

Samkaup úrval
NEISTA
 HAFNARSTRÆTI 9-13
 SÍMI 456 5460

EIMSKIP er...
 leiðandi þjónustufyrirtæki sem byggir á framfarisskiptum tengilandi. Eimskip seltæflir sig í öllu sem snýr að land-, sjó- og flugflutningi, vörubrenningu og geymslu. Sérstök áhersla er lögð á að taka mið af þörfum viðskiptavina og mæta öllum kröfum þeirra. Það er samfélagslegur matnaður bæði starfsmanna og hláðings að gegna forystuhlutverki til framtíðar.

EIMSKIP

Höfðingur 2 · 104 Reykjavík · Sími 535 1000 · Fax 535 1006 · www.eimskip.is

Inga ráðin útíbússtjóri

Inga Á. Karlsdóttir sérfræðingur á fyrirtækjasviði Landsbankans á Akureyri hefur verið ráðin útíbússtjóri Landsbankans á Ísafirði. Inga er norður-Þingeyingur og verður ferug á árinu. Hún er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands. Að loknu námi fór hún til starfa hjá Landsbanka Íslands á Kópaskeri og síðan í Reykjavík.



Hún hefur frá árinu 2000 starfað sem sérfræðingur á fyrirtækjasviði Landsbankans á Akureyri. Inga segir það spennandi tækifæri að taka við starfi útíbússtjóra á Ísafirði. Hún segir ekki endanlega ákveðið hvenær hún taki við störfum vestra en að það verði fljótlega. Inga er í sambúð með Robert Boulter fiskeldisfræðingi og eiga þau tvö börn.

L.V. opnar iðgjaldavef

Lífeyrissjóður Vestfirðinga hefur opnað sérstakan iðgjaldavef á heimasíðu sjóðsins. Iðgjaldavefurinn er ætlaður launþegum og launagreiðendum. Þar geta þeir skoðað yfirlit yfir hreyfingar sínar hjá sjóðnum, lífeyrisréttindi sín, viðskiptastöðu, innsendar skráðar skilgreinar og innborganir til sjóðsins.

Á heimasíðu sjóðsins www.lvest.is er hægt að sjá um aðgang að iðgjaldavefnum. Notendanafn og lykilorð verða síðan send í pósti til lögheimilis viðkomandi.

Dreifðu áróðri óafvitandi

Þríf lögreglumenn á Ísafirði og í Bolungarvík dreifðu áróðri óafvitandi fyrir stuðningsmenn Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur sem boðið hefur sig fram til formanns Samfylkingarinnar.

„Málavextir eru þeir að ég og tveir aðrir lögreglumenn erum í framhaldsnámi og vinnum að lokaverkefni í tengslum við það“, segir Hlynur Snorrason, lögreglumaður á Ísafirði. „Til hagræðis stofnuðum við sameiginlegt póstfang á vefnum visir.is og sendum fyrirsurnir til þingmanna, sveitarstjórnarmanna og dómsmálaráðherra. Fljótlega bárust okkur athugasemdir þess efnis að við værum að dreifa áróðri fyrir Samfylkinguna og Ingibjörgu Sólrúnu. Við komumst að því að öllum okkar pósti fylgdu textaskilaboð sem við vissum ekkert af.“

Textinn sem fylgdi póstsendingunum er svohljóðandi: „Allir sem skrá sig í Samfylkinguna fyrir 15. apríl fá að kjósa næsta formann. Kannaðu málið á ingibjorgsolrun.is.

Fjórðungssamband Vestfirðinga sendir frá sér ályktun um samgönguáætlun stjórnvalda

„Enginn annar landshluti býr við þessar aðstæður“

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur sent frá sér ályktun dagsetta 15. apríl um samgönguáætlun sem liggur fyrir Alþingi. Þar lýsir sambandið meðal annars yfir miklum áhyggjum af áhrifum samgönguáætlunar stjórnvalda fyrir árin 2005-2008 á efnahagslífi á Vestfirðum. Ályktunin hefur verið send Alþingi og ríkisstjórn og er svohljóðandi:

„Samstaða er meðal sveitarfélaga á Vestfirðum um samgöngumál á Vestfirðum og birtist hún í samþykkt 49. Fjórðungspings Vestfirðinga

frá september 2004 um samgönguáætlun Fjórðungssambands Vestfirðinga. Sambandið leggur áherslu á að samgönguáætlun sambandsins gangi eftir og lýsir jafnframt yfir miklum áhyggjum af áhrifum samgönguáætlunar stjórnvalda fyrir árin 2005-2008 á efnahagslífi á Vestfirðum.

Samgönguáætlun endurspeglar efnahagsstefnu stjórnvalda, sem er að draga úr þenslu í ríkisfjármálum vegna stórframkvæmda sem stjórnvöld hafa komið að í öðrum landshlutum. Seinkun fram-

kvæmda sem af þessu leiðir er hins vegar á skjön við áætlun stjórnvalda um uppbyggingu Vestfirðinga og birtist í nýlegri skýrslu um Vaxtarsamning fyrir Vestfirði.

Spár hafa gott betur gengið eftir um hækkun gengis íslensku krónunnar og þeim erfiðleikum sem það veldur útflutningsatvinnuvegum. Undirstaða atvinnulífs á Vestfirðum eru útflutningsgreinar; sjávarútvegur, iðnaður og nú í vaxandi mæli ferðaþjónusta. Þensla í öðrum atvinnugreinum líkt og hefur gerst mjög víða um land hefur ekki náð

til svæðisins. Því eru Vestfirðingar að taka verulega á sig þessa uppbyggingu sem nú á sér stað í öðrum landshlutum.

Á sama tíma eiga sér einnig stað breytingar í þungaflutningum af sjó og á land. Þrátt fyrir miklar framkvæmdir í endurbótum á vegakerfi Vestfirðinga eru enn eftir mislangir vegakaflar með óbundnu slitlagi, sem eru um leið ekki reiknaðir fyrir slíka aukningu þungaflutninga. Þessi kaflar eru nú flöskuhálsar í landflutningum og hafa nú þegar valdið hækkun flutningskostnaðar,

sem kemur til viðbótar þeim efnahagsáhrifum sem áður er lýst.

Enginn annar landshluti býr við þessar aðstæður og það er því sanngjörn krafa í forgangsröðun í samgönguáætlun að verkefni þar séu sett í forgang annarra framkvæmda. Með þeim hætti er að hluta brugðist við samdrætti í efnahagslífi á Vestfirðum á uppgangstímum í öðrum landshlutum og bætt samkeppnisstaða útflutningsfyrirtækja í takt við stefnumörkun stjórnvalda um uppbyggingu svæðisins.“

– thelma@bb.is



Sólborg er stærsti leikskólinn á Vestfirðum.

Börnum í leikskólum fækkaði um fjórðung á sjö árum

Börnum í leikskólum á Vestfirðum fækkaði á milli árunna 1998 og 2004 um ríflega 26%. Á sama tíma fjölgaði börnum í leikskólum á landinu öllu um 10,6%. Hlutfall barna undir leikskólaaldri sem

sóttu leikskóla á Vestfirðum á þessum árum jókst úr 76% í 78%. Á tímabilinu fækkaði íbúum á Vestfirðum um 10,4% þannig að börnum virðist fækka mun hraðar. Þetta kemur fram í nýjum tölum Hag-

stofu Íslands. Á árinu 2004 voru samtals 383 börn í leikskólum á Vestfirðum. Er það um 78% allra barna á leikskólaaldri. Börnum í leikskólum í landshlutanum hefur fækkað mjög hratt á

liðnum árum því á árinu 1998 voru börnin 518 talsins, um 76% allra barna á leikskólaaldri. Samkvæmt þessum tölum hefur börnum á leikskólaaldri fækkað úr 681 í 491 á Vestfirðum eða um

27,9%. Börnum fækkar mun hraðar en öðrum íbúum á Vestfirðum því frá árinu 1998 til ársins 2004 fækkaði íbúum fjórðungsins úr 8.590 í 7.698 eða um 10,4%. – hj@bb.is

Söngur og strengir í Hömrum

Marta Guðrún Halldórsdóttir sópran og Snorri Örn Snorrason gítarleikari koma fram á tónleikum í Hömrum, sal Tónlistarskólans á Ísafirði, kl. 17 á laugardag. Er þetta fjórðu og síðustu áskriftartónleikar félagsins á starfsárinu. Á efnisskrá tónleikanna eru lög frá 16. og 17. öld, íslensk og erlend þjóðlög í fjölbreyttum útsetningum, spænskir gítardansar og óperuaríur. Auk gítars mun Snorri Örn leika á hið forna hljóðfæri theorban, stórt hljóðfæri með tvöfalda hálsem var vinsælt í Evrópu á

17. öld og notað bæði til einleiks og undirleiks.

Marta Guðrún hefur starfað sem söngkona frá árinu 1990 og komið fram með öllum helstu kórnum og hljómsveitum landsins. Hún hefur gert hljóðritanir fyrir geislaplötur, útvarp og sjónvarp og farið með aðalhlutverk á sviði Íslensku Óperunnar, Þjóðleikhússins, Leikfélags Akureyrar og Óperustúdíós Austurlands.

Snorri hefur haldið einleikstónleika og tekið þátt í flutningi kammerverkja hér heima og erlendis, hljóðritað fyrir útvarp og sjónvarp og starfað í

Þjóðleikhúsinu, Íslensku óperunni og með Sinfóníuhljóm-sveit Íslands.

Þess má geta að næstu tónleikar Tónlistarfélagins verða þriðjudaginn 10. maí. Þar stígur á svið kanadíska söngkonan og grínistinn Mary Lou Fallis ásamt píanóleikaranum Peter Tiefenbach.

Auk þess sem áskriftarkort félagsmanna gilda á tónleikana á laugardag verða seldir miðar við innganginn á 1.500 kr. Ellilífeyrisþegar fá miða á 1.000 kr., en fyrir skólafólk 20 ára og yngra er aðgangur ókeypis.



Marta Guðrún Halldórsdóttir sópran og Snorri Örn Snorrason gítarleikari koma fram á tónleikum í Hömrum.

Sparisjóður Vestfirðinga og Gólf samband Íslands í samstarf

Skólagolftöskur komnar í grunnskóla á Vestfjörðum

Sparisjóður Vestfirðinga hefur í samstarfi við Gólf samband Íslands afhent öllum grunnskólum á starfsvæði sjóðsins svokallaðar skólagolftöskur, en í þeim er gólfsett og kennslufni fyrir börn. Á síðustu dögum vetrar lauk verkinu þegar Júlíus Rafnsson, forseti GSÍ, og framkvæmdastjóri sambandsins Hörður Þorsteinsson afhendu skólagolftöskur í grunnskólana á Patreksfirði, Bíldudal og Tálknafirði og sendu skólagolftöskur í Krossholtsskóla og Reykholtsskóla.

Sparisjóður Vestfjarða hefur haft veg og vanda að útbreiðslu gólfíþróttarinnar í grunnskólunum á Vestfjörðum og hefur sjóðurinn stutt verkefnið frá byrjun. Kom fram í máli Eiríks F. Greipssonar aðstoðarsparisjóðsstjóra að skólagolftöskur væri mikið notað í hans heimabyggð á Flateyri en Sparisjóðurinn gaf

grunnskólanum þar skólagolftöskur fyrir tveimur árum. Því væri það mjög ánægjulegt að geta stutt grunnskólana á svæði Sparisjóðsins með því að gefa þeim þennan skólagolftöskur. Sagðist hann vona að framlagið geti stuðlað að fjölgun iðkenda í gólfinu þegar fram í sækir.

Júlíus Rafnsson forseti GSÍ þakkaði Sparisjóðnum fyrir rausnarlega gjöf og sagði það mikilvægt að finna stuðning fyrirtækja í heimabyggð. Hann myndi örugglega skila sér til klúbbanna á svæðinu í formi ungra kylfinga sem kynnt hefðu gólfíþróttinni í íþróttakennslu í sínum skóla. Skólastjórar grunnskólana á staðnum tóku við skólagolftöskunum úr hendi Jensínu Kristjánsdóttur útibústjóra á Patreksfirði og var glatt á hjalla á veitingahúsinu Þorpinu þar sem afhendingin fór fram.

– halfdan@bb.is



Frá hægri: Júlíus Rafnsson forseti GSÍ, Brynjar Þorsteinsson íþróttakennari á Patreksfirði, Ingibjörg Inga Guðmundsdóttir íþróttakennari á Tálknafirði, Halldór Leifsson formaður Golfklúbbs Patreksfjarðar, Jón Ingimarsson Grunnskólanum Bíldudal, Gústaf Gústafsson Grunnskólanum Patreksfirði, Björg Sæmundsdóttir Golfklúbbi Patreksfjarðar, Anna Jensdóttir Golfklúbbi Patreksfjarðar. Í fremri röð frá vinstri: Steinunn Sturludóttir Sparisjóði Vestfjarða, Jensína Unnur Kristjánsdóttir útibústjóri Sparisjóðs Vestfjarða á Patreksfirði, Eiríkur Finnur Greipsson aðstoðarsparisjóðsstjóri Sparisjóðs Vestfjarða og Lilja Magnúsdóttir útibústjóri Sparisjóðs Vestfjarða á Tálknafirði.

Ársreikningur bæjarsjóðs Ísafjarðarbæjar og stofnana hans fyrir árið 2004


Skatttekjur og launakostnaður hærrí en áætlað hafði verið

Ársreikningur bæjarsjóðs Ísafjarðarbæjar og stofnana hans fyrir árið 2004 verður lagður fram til fyrri umræðu á fundi bæjarstjórnar á fimmtudag. Samkvæmt tilkynningu eru niðurstöður ársreikningsins þær helstar að rekstrartekjur bæjarsjóðs og stofnana hans voru 1.959 milljónir króna og rekstrargjöld 2.070 milljónir að meðtöldum reiknuðu afskriftum og lífeyrisskuldbindingum sem námu 174 milljónum. Fjármagnsliðir voru 20 milljónir og rekstrarniðurstaða því neikvæð um 131 milljón borið saman við 124 milljónir samkvæmt fjárhagsáætlun ársins. Veltufé frá rekstri nam 46 milljónum króna og handbært fé frá rekstri nam 113 milljón borið saman við 1 milljón samkvæmt fjárhagsáætlun.

Helstu framkvæmdir sveitarfélagsins á árinu voru: Upphaf framkvæmda við nýtt íþróttahús á Suðureyri, sparkvöllur á Þingeyri, snjóflóðavarnir á Seljalandsdal, undirbúningur framkvæmda við nýtt skólahúsnæði Grunnskól-

ans á Ísafirði og hafnarframkvæmdir, aðallega endurbygging Ásgeirsbakka á Ísafirði og uppbygging öryggissvæðis vegna móttöku erlendra skipa auk kaupna á ýmiss konar vélum og tækjum. Fjárfestingar á árinu námu alls 158 milljónum en höfðu verið áætlaðar 227 milljónir.

Skatttekjur námu 1.215 milljónum eða 42 milljónum meira en áætlað var. Launakostnaður var 954 milljónir eða 13 milljónum hærrí en áætlað hafði verið og önnur rekstrargjöld urðu 6 milljónum króna lægri en áætlað var. Þeir málaflokkar sem mest tóku til sín voru fræðslumál (572 m.kr.), æskulýðs- og íþróttamál (152 m.kr.), umferðar- og samgöngumál (110 m.kr.), félagsþjónusta (88 m.kr.), sameiginlegur kostnaður, t.d. áfallnar lífeyrisskuldbindingar og rekstur skrifstofu, bæjarstjórna og nefnda, starfsmannakostnaður, greiðslur til Fjórðungssambands Vestfirðinga, vinabæjarsamskipti, styrkir og annað (120 m.kr.).



Stjórnsýsluhúsið á Ísafirði.

Heildarskuldir bæjarsjóðs og stofnana hans án lífeyrisskuldbindinga námu 1.502 milljónum króna í árslok 2004 borið saman við 1.560 milljónir. Í árslok 2004 og lækkuðu um 58 milljónir á milli ára. Heildarveltufjármunir í árslok

2004 voru 840 milljónir króna að frádregnum kröfum á eigin fyrirtæki. Heildar fastafjármunir voru 2.673 milljónir í árslok 2004. Áfallnar lífeyrisskuldbindingar voru 575 milljónir í árslok 2004 og eigið fé 1.436 milljónir.

„Ársreikningurinn ber það með sér að niðurstaða reksturs varð nær sú sama og gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins. Tekjur urðu 40 milljónum króna hærrí en áætlað var á en á móti urðu almenn rekstrarútgjöld 7 milljónum króna

hærrí. Reiknaðir útgjaldaliðir hækkuðu um 48 milljónir og fjármagnsgjöld urðu um 9 milljónum króna lægri“, segir í tilkynningu. Síðari umræða um reikninga bæjarsjóðs og stofnana hans er áætluð 12. maí nk. – halfdan@bb.is



Framtíðarstarf í timbursölu

Húsasmiðjan Ísafirði óskar eftir starfsmanni í
framtíðarstarf í timbursölu

Ábyrgðarsvið:

- Afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavinum.
- Almenn lagerstörf.

Hæfniskröfur:

- Búa yfir heiðarleika, samvirkusemi, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Lyftararéttindi kostur.

Í boði er:

- Starf hjá traustu fyrirtæki.
- Góður starfsandi.

Einnig óskar Húsasmiðjan eftir starfsfólki í sumararfleysingar.

Umsóknareyðublað má nálgast í versluninni en einnig er hægt
að sækja um á vef Húsasmiðjunnar www.husa.is
Upplýsingar um störf gefur Jóhann G. Sigfússon
í síma: 450-3306.

Húsasmiðjan hf. er stafrétt stöðugt byggingverð á Íslandi og eitt af 28 stærstu fyrirtækjum landins.
Húsasmiðjuversteinar eru stjálta talens um land allt. Í verslunum okkar hlífum við á boðstólum
yfir 80 þúsund vörugundir.

Hjá Húsasmiðjunni hf. starfa að jafnaði um 700 manna. Við leggjum mikla áherslu á að starfsmenn
eigi þess kost að ekkert í starfi. Því skynsekið við Húsasmiðjuskólann þar sem starfsmenn
geta valið úr yfir 100 námskeiðum á ári hverju. Einnig er starfandi hjá Húsasmiðjunni ólíkt
starfsmannablag sem annast m.a. áskriftanahald, rekstur sumarhúsa og eflingu heiluvæktar
starfsmanna.

Velkomin í hópinn!



HÚSASMIDJAN
- ekkert má!



Skátar gengu fylktu liði.

Sumarið heilsaði Vest- firðingum með bros á vör

Ljúfur vorblær lék um félag Skátafélagsins Einhjar – Valkyrjan á Ísafirði á sumardaginn fyrsta, er þeir fóru í sína árlegu skrúðgöngu til að fagna sumri. Að venju var farið frá skátaheimilinu við Mjallar-
götu áleiðis að Ísafjarðarkirkju þar sem hefðinni samkvæmt var messað í samstarfi við sr. Magnús Er-
lingsson sóknarprest. Skátinn og sagnfræðingurinn Sigurður Pétursson predikaði. Að guðsþjónustu lok-
inni gengu skátar og fylgismenn þeirra um aðalgötu bæjarins með tilheyrandi trumbuslætti. – halfdan@bb.is

Tíminn er dýrmætur, ekki flækja málin. Fólksbílar 3.900 krónur á dag frá Toyota Yaris upp í Kia Magentis.
Jeppar 6.900 krónur á dag frá Toyota Rav4 upp í Toyota Land Cruiser.
Innifalið í verði er ótakmarkaður akstur og kaskótrygging.

Ákvarðanir eru erfiðar. Þær eru auðveldari
þegar möguleikarnir eru bara 2.



Budget bílaleiga: 2 verð einfalt val.

Budget bílaleiga, Sími 562 6060, Dugguvogi 10, 104 Reykjavík, www.budget.is
Budget bílaleiga er á eftirfarandi stöðum á landinu: Reykjavík, Keflavík, Akureyri, Egilsstöðum,
Reykjarfjörð, Vestmannaeyjum, Þórshöfn, Þorlákshöfn og Bakka.

Budget
Car Rental



Sjóminjasafnið við Ósvör var formlega opnað eftir gagngerar breytingar á sumardaginn fyrsta.

Ósvör opnuð að nýju eftir gagngerar breytingar

Sjóminjasafnið Ósvör var opnað í Bolungarvík eftir gagngerar breytingar á sumardaginn fyrsta. Var þá nýbyggt þjónustuhús formlega tekið í notkun. Við opnunina hélt Elías Jónatansson forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur ávarp þar sem hann lofaði Geir Guðmundsson sem hefur gegnt starfi safnvarðar um árabíl og verið burðarás þeirrar starfsemi sem fram fer í Ósvör. Hefur starf hans þar og lýsingar á lífinu á fyrri tímum

vakið athygli víða um lönd. Einnig bauð Elías velkominn til starfa hinn nýja vermann, Finnoga Bernódusson, sem sinnti vörslu safnsins í sumar og hefur nú verið ráðinn til tveggja ára. Gunnar Hallson bauð því næst gesti velkomna fyrir hönd menningarráðs sem staðið hefur fyrir endurbótunum. Í safninu beið vermaðurinn og var þar boðið upp á íslenskt brennivín, hákarl og harðfisk. Nýrri þjónustumiðstöð hefur verið komið upp



Finnbogi Bernódusson, nýr vermaður bauð gesti velkomna í endurbætt safnið.

við safnið þar sem finna má fróðleiksspjöld um sögu safnsins og salernisaðstöðu. Ósvör sem er endurbýggð verubúð og vinsæll ferðamannastaður hefur nú verið opnuð á ný eftir miklar endurbætur.

– thelma@bb.is



Elías Jónatansson forseti bæjarstjórnar Bolungarvíkur flutti ávarp við opnunina.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga ræðir vegaáætlun

Sambandið mun ekki sitja hjá

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur ákveðið að biða endanlegrar afgreiðslu vegaáætlunar áður en ákveðin yrðu næstu skref af hálfu sambandsins í samgöngumálum. Eins og fram hefur komið hefur stjórnarformaður Leidar ehf. lýst sig reiðubúinn til viðræðna við sveitarfélög um hugsanlega aðkomu þeirra að lagningu vegar um Arnkötuldal. Ómar Már Jónsson sveitarstjóri í Súðavík hefur lýst sig fylgjandi slíkum viðræðum og hefur víðrað þá hugmynd að Fjórðungssambandið ræði málið við Leidar ehf. fyrir hönd sveitarfélaga á Vestfjörðum.

Á dögnum fundaði stjórn Fjórðungssambands Vestfir-



Guðni Geir Jóhannesson. Inga með samgönguráðherra og í framhaldi af þeim fundi lýsti Guðni Geir Jóhannesson formaður sambandsins því fyrir

að ekki væri ástæða til að ætla að vegaáætlunin tæki breytingum í umræðum á Alþingi. Hann segir að á stjórnarfundinum sem haldinn var að loknum fundinum með Sturlu hafi stjórnin ákveðið að biða átektu þar til vegaáætlun hefði verið afgreidd frá Alþingi. „Stjórnarmenn vildu sjá það svart á hvítu hvort breyting yrði á áætluninni áður en farið yrði að ræða næsta skref af hálfu sambandsins“, segir Guðni.

Hann segir það ekki óeðlilegt að sambandið fari í viðræður við Leidar ehf. fyrir hönd sveitarfélaganna. „Samabandið hefur ávallt unnið að framförum í samgöngumálum og hefur barist fyrir nýjungum

þannig að það er ekki óeðlilegt að svo verði einnig hvað þetta mál varðar. Vegagerð á þessum stað snertir flesta íbúa Vestfjarða. Sambandið barðist mjög fyrir gerð Vestfjarðanga. Þó að þau snertu mest hagsmuni þeirra sem búa þeim næst þá hafa þau áhrif með beinum eða óbeinum hætti á líf flestra íbúa Vestfjarða. Slíkt verður einnig með veg um Arnkötuldal. Verði með einhverjum hætti hægt að flýta lífsnauðsynlegum vegaframkvæmdum á Vestfjörðum þá er það mín skoðun að Fjórðungssambandið geti ekki og muni ekki sitja hjá í slíku máli“, segir Guðni Geir.

– hj@bb.is



Byggðakvóti

Bæjarstjórn Bolungarvíkur auglýsir hér með eftir umsóknum um byggðakvóta í Bolungarvík fiskveiðiárið 2004-2005.

Byggðakvótanum verður úthlutað samkvæmt reglum sem bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur sett og hafa verið samþykktar af sjávarútvegsráðuneytinu og auglýstar í samræmi við ákvæði reglugerðar ráðuneytisins nr. 960/2004. Úthlutunarreglur má nálgast á vef Bolungarvíkurkaupstaðar www.bolungarvik.is, á bæjarskrifstofunum Aðalstræti 12, Bolungarvík og á hafnarvoginni í Bolungarvík.

Umsóknarfrestur um byggðakvótann er til og með 13. maí nk. og skal umsóknum skilað í lokuðu umslag merkt „Bolungarvík – Byggðakvóti 2005“ á bæjarskrifstofu Bolungarvíkur fyrir kl. 15:00 þann dag.

Þegar bæjarstjórn hefur lokið umfjöllun sinni um umsóknir gerir hún tillögu til ráðuneytisins um endanlega skiptingu aflaheimilda milli einstakra báta/skipa. Fallist ráðherra á tillögur bæjarstjórnar felur ráðuneytið Fiskistofu að skipta aflaheimildum í samræmi við þær.

Bolungarvík, 22. apríl 2005,
Einar Pétursson, bæjarstjóri.

Hótelrekstur í Reykjanesi

Ferðaþjónustan Reykjanesi ehf., auglýsir eftir dugmiklum og metnaðarfullum aðila (eða hjónum) til að annast daglegan rekstur ferðaþjónustunnar. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Leitað er eftir einstaklingum sem eru tilbúnir að taka að sér spennandi en jafnframt krefjandi rekstur Ferðaþjónustu Reykjanes ehf.

Hæfniskröfur:

- Rekstrarmenntun eða reynsla á sviði hótels- og veitingareksturs.
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar.
- Tölvukunnátta.
- Góð íslenskukunnátta.
- Góð tungumálakunnátta.
- Lipurð og þjónustulund.
- Samskiptahæfni.
- Frumkvæði.
- Markaðshugsun.
- Hagsýni í innkaupum og rekstri.
- Sjálfstæð vinnubrögð.

Rekstraraðili fær íbúð til afnota. Áhugasamir sendi umsóknir á auglýsingadeild Mbl. eða á box@mbl.is merktar: „F-16974.“

Ferðaþjónustan Reykjanesi ehf., er framsækið fyrirtæki í þjónustu ferðaiðnaðarins á Vestfjörðum. Hótelíð er starfrækt allt árið. Reykjanes í Ísafjarðardjúpi er best geymda leyndarmál ferðamannsins á vesturslóð.

Ritstjórnargrein

Eitt ár enn

Hver man ekki eftir svörtu skýrslunum í sögu fiskveiðistjórnunar á Íslandsmiðum? Í hvert sinn sem þær voru kunngerðar hrukku menn óþyrmilega við. Ráðamenn gripu til viðlagsins – eitt ár enn- og síðan var haldið áfram á sömu braut. En hver er svo árangurinn eftir liðlega tveggja áratuga fiskveiðistjórnunarkerfi, sem bjarga átti fiskistofnunum? Síðustu fréttir: Þrjú lélegir þorskárgangar blasa við. Neyðarfundar krafist í sjávarútvegsnefnd Alþingis.

Árið 2002 krafðist Fjórðungssamband Vestfirðinga tafarlausrar rannsóknar á því, hvað hafi farið úrskæðis í fiskveiðistjórnuninni eða hvort niðurstöður fiskifræðinga um ástand helstu fiskistofna hefðu verið rangar í gegnum árin. Þingið taldi verndun fiskistofna hafa algerlega mistekist og benti á að árangursleysið í þeim efnum hefði dregið mátt úr sjávarbyggðum, fólk hefði flosnað upp og eignir þess orðið verðlaugar. Lokahnykkurinn í ályktun Fjórðungssambandsins var að fútaþróun á Vestfirðum hefði verið í beinu samhengi við þróunina í sjávarútveginum. Í nóvember 2003 spurði BB hvað gert hefði verið til að fá svör við kröfunni um „tafurlausa rannsókn“? Fátt hefur orðið um svör. Allt bendir því til að samþykkt Fjórðungssþingsins frá 2002 rykfalli áfram og valdi ekki svefnleysi.

Í gegnum árin hefur BB í skrifum sínum um fiskveiðistjórnun benti á mismunandi áhrif veiðarfæra á lífríki hafsins og í því sambandi gagnrýnt tæpitungulaust aðförina að krókaveiðum, vistvænustu veiðiaðferðinni sem völ er á. BB þykir því rétt að benda á athyglisvert fréttaviðtal Jóhanns Haukssonar, blaðamanns á Fréttablaðinu, við Jónas Bjarnason, efnaverkfræðing, sem um langt skeið hefur helgað fiskifræðinni starfskrafta sína, en þar segir Jónas m.a.: „Mér sýnist ákjósanlegt að fara að dæmi Færeyinga og veiða sem mest á króka.“

Í lok viðtalsins segir Jónas: „Það er ekki hægt að hafa fullkomið frelsi til veiðiaðferða um leið og úthlutad er veiðiréttindum. Með öðrum orðum þarf að afnema algert frelsi útgerðarmanna til að beita þeim veiðarfærum sem þeir vilja. Tilskilja verður veiðiréttindi við veiðarfæri. Og ekki nóg með það. Eins líklegt er að beita verði hliðstæðum reglum varðandi mismunandi veiðislóðir eða hafsvæði. Þannig getum við ef til vill bjargað þorskinum frá þeim hættum sem að honum steðja.“

Spurningin er: Veður leitað í smiðju nýrra lagahöfunda eða eigum við von á að enn einu sinni verði gripid til fiskveiðistjórnunarviðlagsins – eitt ár enn- til að breiða yfir svörtu skýrsluna um dapurlegt ástand fiskistofna þriggja af fjórum síðustu almanaksárum?

s.h.

Orðrétt af netinu

Glæsilegur árangur

Stjórnarsamstarf Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks hefur skilað glæsilegum árangri á undanförunum 10 árum. Sama er hvaða kvarði er notaður, útkoman er alltaf á einn veg. Ísland hefur verið í sókn. Andstaða við stjórnarsamstarfið byggist ekki á málefnalegum rökum, hún snýst um breytingu breytingarinnar vegna. Hvers vegna ætti slíkur málfutningur að skila árangri, ef allt gengur þjóðinni í hag?

Það væri að æra óstöðugan að ætla að rifja upp öll árásarefni á okkur, sem höfum setið í stjórn undanfarin ár. Í síðasta pistli taldi ég óréttmætt að gagnrýna okkur á þann veg, sem Agnes Bragadóttir gerði til að réttlæta nauðsyn þess, að almenningur léti að sér kveða við sölu Símans. Í tilefni af þeim orðum mínum fékk ég þessa kveðju frá tryggum lesanda pistlanna minna:

„Margir sem gagnrýna einkavæðingu undanfarinna ára gera mikið úr því hvað ríkið hafi selt eignarhluti sína á allt of lágu verði. Þessir sömu aðilar benda hins vegar ekki á stórauknar skatttekjur frá þessum fyrirtækjum eftir einkavæðingu þeirra.“

bjorn.is – Björn Bjarnason

Útgefandi: H-prent ehf., kt. 600690-1169, Sólgötu 9, 400 Ísafjörður, sími 456 4560, fax 456 4564.

Ritstjóri: Sigurjón J. Sigurðsson, sími 892 5362, bb@bb.is.

Fréttastjóri: Háldán Bjarki Hálfðánsón, sími 863 7655, halfdan@bb.is – Blaðamenn: Halldór Jónsson, sími 892 2132 hj@bb.is – Thelma Hjaltadóttir, sími 849 8699, thelma@bb.is.

Ritstjóri netútgáfu: Sigurjón J. Sigurðsson · Ljósmyndari: Halldór Sveinbjörnsson, sími 894 6125, halldor@bb.is

Ábyrgðarmenn: Sigurjón J. Sigurðsson og Halldór Sveinbjörnsson · Lausasölulverð er kr. 250 eintakið með vsk. Áskriftarverð er kr. 215 eintakið. Veittur er afsláttur til elli- og örorkulífeyrisþega. Einnig sé greitt með greiðslukorti.

ISSN 1670 - 021X



Skrúðgangan hófst við Dvalarheimilið Hlíf á Ísafirði og endaði við Grunnskólann á Ísafirði.

Songkranhátíð á Ísafirði

Skrúðbúinir þátttakendur í tælenskum þjóðbúningum

Tælenska nýárinu var fagnað með Songkranhátíð á Ísafirði á sunnudag. „Hátíðin heppnaðist mjög vel og þetta var skemmtilegur dagur. Gríðarlegur fjöldi manns sótti hátíðina“, segir Guðrún Anna Finnbogadóttir, kynni á hátíðinni. Glæsileg skrudganga, þar sem margir skörtuðu tælenskum þjóðbúningum, lagði upp frá Hlíf og hélt niður í sal Grunnskólans á Ísafirði þar sem dagskrá hátíðarinnar hófst með heiðrun Búdda og þeirra sem eldri eru.

Flutt voru margvísleg og fróðleg erindi, bæði á íslensku og ensku, meðal annars um

síði Songkran-hátíðahaldanna. Sýndir voru tælenskir og vest-rænir dansar og var öllum viðstöddum boðið upp í dans. Þá var farið í leiki sem þekktir eru í báðum löndum til að vekja athygli á því hve mikið sameiginlegt þjóðirnar tvær eiga. Gestum var svo boðið upp á tælenskan mat og kaffiveitingar. Að hátíðinni stóðu Tælendingar á norðanverðum Vestfirðum og Rætur, félag áhugafólks um menningarfjölbreytni.

Songkran er stórhátíð í Tælandi sem haldin er ár hvert í kringum 13. apríl og stendur í þrjú daga eða lengur.



Margir skörtuðu tælenskum þjóðbúningum.



Fjöldmenn mætti til hátíðarinnar sem haldin var í sal Grunnskólans á Ísafirði.

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði

Ósannindin um málefni Menntaskólans á Ísafirði

Málefni Menntaskólans á Ísafirði hafa mjög verið til umræðu í fjölmiðlum að undanförunu – um myndi einhver segja. Stór orð hafa fallið og digrar yfirlýsingar um stjórnunarhætti, stöðuveitingar, samskipti og fleira. Því miður hefur sú umræða öll einkennst meira af kappi en forsjá og margar rangfærslur verið hafðar í frammí sem æra myndi óstöðugan að elta allar uppi.

Skólans vegna get ég þó ekki látið hjá líða að leiðrétta nokkur atriði sem fram hafa komið síðustu daga – um leið og ég harma það að þurfa þar með að eiga orðastað við einn af kennurum skólans í fjölmiðlum. Við því er þó ekkert að gera.

Í greinarskrifum Hermanns Níelssonar, íþróttakennara, sem birst hafa í BB og sunnudagsblaði Morgunblaðsins, eru hafðar í frammí fjölmargar fullyrðingar sem í besta falli eru villandi, í versta falli ósannindi. Að svo stöddu læt ég nægja að leiðrétta augljósustu rangfærslurnar í greinum Hermanns, en þær eru eftirfarandi:

(1) Að „minnst fimm stjórnsýslukvartanir hafi borist menntamálaráðuneytinu“ vegna stjórnarháttanna í Menntaskólunum á Ísafirði. Hið rétta er að ein kvörtun hefur borist ráðuneytinu frá Félaga framhaldsskólakennara þar sem höfð eru uppi gífuryrði í garð undirritaðrar. Kvörtun þessi nær ekki máli sem stjórnsýslukæra, en þar er vísað til fimm starfsmannamála, þ.e. fyrirspurna sem starfsmenn skólans hafa beint til lögfræðings KÍ til þess að kanna réttindi sín. Flest eru málin útkljáð innan skólans og ekkert þeirra varðar samskiptahætti heldur er um að ræða stjórnunarákvarðanir sem hafa haft áhrif á starfsskilyrði viðkomandi kennara. Stjórn Skólameistarafélags Íslands hefur sérstaklega kynnt sér mál þessara fimm starfsmanna sem vísað er til og komist að þeirri niðurstöðu að þar hafi verið um mál að ræða sem hver einasti skólameistari hefði séð ástæðu til að taka á með sambærilegum hætti.

(2) Hermann fullyrðir í Morgunblaðinu, og segir alkunugt, að einn af nústárfandi sviðsstjórum við skólann hafi ekki réttindi til að gegna stöðu sviðsstjóra „og ætti því að hafa verið sagt upp“. Þetta er rangt, allir nústárfandi sviðsstjórar skólans hafa kennsluréttindi í faggrein á sínu sviði.



Ólína Þorvarðardóttir.

(3) Í skrifum sínum rekur Hermann aðdraganda þess að sambýliskonu hans, Ingibjörgu Ingadóttur, var veitt áminning fyrir vanrækslu við yfirferð prófa í ENS 103, en hún hefur nú höfðað mál á hendur skólunum til ógildingar áminningunni. Fer Hermann þar með rangt mál, einkum varðandi leiðréttingar yfirstjórnenda og fjölda einkunna sem breytt var í fyrstu yfirferð. Er skemmst frá því að segja niðurstaða óháðs aðila sem fór yfir prófin kom heim og saman við niðurstöður stjórnenda, eins og koma mun á daginn þegar dómur er fallinn og málsögn verða birt.

(4) Því hefur verið haldið fram í tvígang af málsaðilum að við Menntaskólann á Ísafirði séu 15 réttindalausir kennarar að störfum og jafn margir með réttindi yfirstandandi skólaár. Þetta er rangt. Í vetur eru 24 réttindakennarar ráðnir að skólunum í námskrárbundnum greinum en 11 án réttinda. Til samanburðar má nefna að haustið 2001, þegar undirrituð kom til starfa að skólunum voru 22 kennarar án réttinda í námskrárbundnum greinum en 10 með réttindi. Er velkomið að senda fjölmiðlum gögn þessu til staðfestingar verði þess óskað.

Því miður er það yfirleitt svo að sá sem rýfur friðinn, hann stjórnar umræðunni, eins og dæmin sanna. Það er athyglisvert að sjá í fyrrnefndri grein hvernig allar þær nafnlausu rangfærslur og persónuárásir sem hafa verið hafðar í frammí á undirritaða, einkum í DV, eru nú að fá á sig nafn og andlit í grein Hermanns Níelssonar. Ég harma það mjög, en veit jafnframt að Hermann talar ekki fyrir munn margra.

Yfirgnæfandi meirihluti kennara við Menntaskólann á Ísafirði fer með friði í samskiptum við yfirstjórn skólans og vill halda þann frið. Í sameiningu höfum við áorkað

miklu á undanförunum árum. Okkur hefur tekist að auka aðsókn að skólunum um þriðjung, stórfjölgja réttindakennurum, minnka brottfall nemenda og auka námsframboð. Ekki síst höfum við staðið

vörð um gæði skólastarfs og náð markverðum árangri á því sviði. Þessum ávinningi er nú ógnað með þeirri niðurrifsumurum, minnka brottfall nemenda og auka námsframboð. Undanfarna tvo mánuði, til

skaða fyrir alla hlutaðeigandi og ekki síst hið vestfirska samfélag sem á svo mikið undir því að þar sé haldið uppi öflugum og metnaðarfullum skólastarfi. Umræða undanfarinna

vikna hefur engu skilað til góðs, ekki fyrir málsaðila og síst af öllu fyrir skólann. Er mál að linni.

Ólína Þorvarðardóttir, skólameistari Menntaskólans á Ísafirði.

+

Rauði kross Íslands

ER GEÐRÖSKUN Í FJÖLSKYLDUNNI?


Námskeið fyrir aðstandendur geðfatlaðra og áhugafólk um geðsjúkdóma

4. og 5. maí 2005

Þróunarsetri Vestfjarða, Ármagötu 2-4, Ísafirði

Dagskrá		
Míðvikudagur 04.05.		
18:00-18:10	Námskeiðið sett og fjallað um tilurð, tilgang og framkvæmd	Helga G. Halldórsdóttir, vniðsvejni innanlandssviðs Rauðs krosss Íslands
18:10-18:30	Yfirlit yfir helstu tegundir geðsjúkdóma og meðferð	Guðbjörg Sveinsdóttir geðsjúkrunarfræðingur
18:30-18:30	MATUR	
18:30-20:00	Andstreymi og baráttu - innlegg aðstandenda	Margrét Ómarsdóttir forskrifari
20:00-20:50	Meðvikurí - sjálfsvörðing - sjálfstykning	Sr. Birgir Ásgeirsson
20:50-21:45	Umræðuhópur	
21:45-22:00	Samanrækt	Sr. Birgir Ásgeirsson
Fimmtudagur 05.05.		
09:00-09:30	Heilsuæfing - andleg og líkamleg heilsunækt strofustjórnun	Guðbjörg Sveinsdóttir geðsjúkrunarfræðingur
09:30-10:10	Meðvikurí innan fjölskyldunnar og hvað er til ræðis?	Saltbjörg Bjarnadóttir geðsjúkrunarfræðingur
10:10-10:30	KAFFIHLÉ	
10:30-11:00	Lífshringurinn	Saltbjörg Bjarnadóttir geðsjúkrunarfræðingur
11:00-12:00	Umræðuhópur	
12:00-12:45	MATUR	
12:45-13:15	Sjálfsþvingunartæli	Saltbjörg Bjarnadóttir geðsjúkrunarfræðingur
13:15-13:45	Sorg - stafi óvinnsla	Sr. Birgir Ásgeirsson
13:45-14:45	Umræðuhópur	
14:45-15:00	KAFFIHLÉ	
15:00-16:00	Suðningshópur aðstandenda	Arnólfur Ólafur Jónsdóttir frá Geðhjálpi

Þitt taka er ókeypis en vinsamlegast skráðu þessu þessu hjá Bryndi Friðgeirsdóttur wæðingulitna Rauða krossins í síma 436 3180 og 854 6754 eða á netfang vestfirski@redcross.is fyrir 02.05.2005. Matur og kaffi innifalið.



Af orðum Hallgríms má ráða að garðurinn liggja enn nær fjölbýlishúsunum en sýnt er á meðfylgjandi mynd.

Hallgrímur D. Indriðason einn hönnuða fyrirhugaðs snjóflóðavarnargarðs í Holtahverfi

Stoðvirkin verja Kjarrholtið en garðurinn fjölbýlishúsin

Sá mikli snjóflóðavarnargarður sem fyrirhugað er að byggja ofan Holtahverfis ver ekki þau hús sem snjóflóð hafa fallið á. Það eiga stoðvirki að gera sem reist verða í Bröttuhlíð. Hönnuður mannvirkjanna segir þau hönnuð í samræmi við þær forsendur sem sérfræðingar Væðurstofu Íslands gefa sér. Snjóflóðagarðurinn mun ná inná lóðina við fjölbýlishúsið við Stórholt 7 og af frambrún hans eru aðeins 50-60 metrar að húsínu.

Eins og kom fram í frétt BB í síðustu viku hafa verið lögð fram drög að matsáætlun fyrir snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis. Varnirnar felast í því að reist verða svokölluð stoð-

mannvirki í Bröttuhlíð í Kubbanum og neðan hans verður reistur mikill þvergarður sem ætlað er að verja byggð fyrir snjóflóðum. Eins og fram kom í frétt bb.is í morgun eru til heimildir um að snjóflóð hafi fallið fimm sinnum úr fjallinu að því svæði þar sem nú er byggð. Einu sinni hefur fallið flóð á tvö hús við Kjarrholt.

Það vekur því óneitanlega athygli að sá mikli varnargarður sem reisa á í Holtahverfi skuli ekki vera fyrir ofan þau hús heldur er hann ofan við fjölbýlishúsin við Stórholt. Hallgrímur D. Indriðason jarðfræðingur á Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen er einn af hönnuðum varnarmann-

virkjanna. Hann segir að stoðvirkjunum sem reist verða í Bröttuhlíð sé ætlað að verja byggð í Kjarrholti. „Stoðvirki eru allsstaðar reist þar sem þeim verður við komið. Það var hægt í Bröttuhlíð og því var sú leið farin. Það var hins vegar ekki fært fyrir ofan fjölbýlishúsin í Stórholti og því varð niðurstaðan að byggja þar varnargarð“, segir Hallgrímur.

Frá því að matskýrsla sú sem vísað var til í frétt blaðsins varð til, hefur varnargarðurinn tekið nokkrum breytingum. Hæð hans nú er 18 metrar í stað þeirra 19 sem nefndir eru í fréttinni. Þá er nú reiknað með að í garðinn þurfi 90.000 rúmmetra en áður var talið að

þyrfti 170.000 rúmmetra.

Hallgrímur segir að hönnuðum hafi verið mikill vandi á höndum við hönnun garðsins vegna þess hversu nálægt hann þurfti að fara fjölbýlishúsunum. „Við höfum þurft að fara nær þeim en við höfum gert áður“, segir Hallgrímur. Sem dæmi má nefna að tunga garðsins fer inná lóðina við Stórholt 7 og að lóðinni við Stórholt 9. „Þessi staðreynd skapar vandamál sem leysa verður í samráði við íbúa húsanna“. Annadæmi um nálægð garðsins er að þegar staðið er á frambrún hans þ.e. efst á honum eru aðeins 50 m. í Stórholt 7.

Eins og kemur fram hér í blaðinu í dag eru aðeins heim-

ildir fyrir fimm snjóflóðum úr Kubbanum og tvö þeirra sem stærst virðast eru aðeins til samkvæmt heimildum. Hin flóðin hafa verið tiltölulega lítil. Aðspurður hvort hugsanlegt sé að mannvirkin séu of stór segir Hallgrímur að þau séu hönnuð samkvæmt hættumati því sem hættumatsnefnd Ísafjarðarbæjar og Væðurstofa Íslands samþykktu á sínum tíma. „Það eru sérfræðingar Væðurstofu Íslands sem ákveða þær forsendur sem við hönnum mannvirkin eftir. Við teljum þau fyllilega í samræmi við þær forsendur“.

Í ljósi þess hversu fá flóð hafa fallið á þessu svæði og hversu sjaldgæf þau verður

sú skapa hættu vaknar sú spurning hvort ekki sé vænlegra að rýma hús á þessu svæði í þau fáu skipti frekar en að leggja í þann gríðarlega kostnað sem fylgir þessum framkvæmdum auk þeirra umhverfisáhrifa sem af þeim verða. Hallgrímur segir að samkvæmt lögum um varnir gegn snjóflóðum þá sé ekki nægileg vörn að beita rýmingum. „Það er lögð sú skylda á herðar stjórnvalda að verja byggð með varnarmarkum eða uppkaupum. Rýmingar eru inni í þeirri mynd og því verður í þessu tilfelli að reisa þau mannvirki sem nú hafa verið hönnuð“ segir Hallgrímur.

– hj@bb.is

Heimildir til um að fimm sinnum hafi fallið flóð úr Kubba á síðustu öld

Umfangið og stærðin kemur flestum á óvart

Frétt blaðsins í síðustu viku um fyrirhugaðar snjóflóðavarnir ofan Holtahverfis í Skutulsfirði hefur vakið mikla athygli. Flestum virðist koma á óvart stærð og umfang framkvæmdanna. Þá virðist mörgum hafa komið það í opna skjöldu að jafn stór hluti Holtahverfis og raun ber vitni skuli vera á snjóflóðahættusvæði. Snjóflóðavarnir sem nú eru í undirbúningi eru hannaðar í framhaldi af hættumati sem umhverfisráðherra staðfesti

árið 2003. Í greinargerð sem starfsmenn snjóflóðavarna Væðurstofu Íslands unnu á árinu 2003 er fjallað um snjóflóð á Ísafirði og í Hnífsdal og skýrslan í raun annáll snjóflóða á svæðinu. Samkvæmt þessari skýrslu eru skráð fimm snjóflóð á síðustu öld úr Kubba.

Það fyrsta sem skrá er féll úr Bröttuhlíð „líklega á 3. áratugnum“ eins og segir í skýrslunni. Flóðið er skráð áratugum seinna eftir frásögn eins af íbúum Góustaða. Segir í skýr-

slunni að flóðið hafi fallið niður að hlöðnum garði á túni Góustaða. Ekki er ljóst hvort heimildamaðurinn kom að flóðinu sjálfur en haft er eftir honum að flóðið hafi verið mjög þunnt og jafnvel hafi verið um kóf að ræða. Samkvæmt skýrslunni eru útlínur flóðsins mjög óvissar.

Næsta skráða flóð er talið hafa fallið úr Kubba snemma á sjöunda áratugnum. Það flóð er talið hafa fallið úr Bröttuhlíð beint upp af Góústöðum. Segir

að tunga flóðsins hafi náð inn á tún við Góustaði og brotið þar tvo girðingarstaura. Útlínur flóðsins eru ónákvæmar að því er fram kemur í skýrslunni. Þann 16. febrúar 1981 eru talin hafa fallið fjögur flóð úr Kubbanum og mun eitt þeirra hafa fallið niður að efstu húsum samkvæmt frásögn vitnis. Ekki varð tjón af völdum þess. Útlínur flóðsins eru ónákvæmar.

Þann 4. janúar 1984 féll þurr flekahlaup úr Bröttuhlíð upp af Kjarrholti 2 og 4 í Holta-

hverfi. Flóðið braut hurð á húsínu að Kjarrholti 4, rann inn í svefnherbergi og gang og olli tjóni á innanstokksmunum. Það tók einnig bifreið á Holtabraut, ofan við Kjarrholt 2, flutti með sér 30-40 metra og skemmdi hana talsvert. Breidd tungu flóðsins var 75 metrar og dýpt þess 2,5 metrar. Flóð þetta féll eftir mikla snjókomu í suðlægum áttum og þegar það féll var vindur úr SV og 4 stiga frost. Útlínur þessa flóðs eru nákvæmar í skýrslum.

Fimmta og síðasta flóðið sem til eru skráðar heimildir fyrir úr Kubbanum féll 8. mars árið 1997 úr Bröttuhlíð og stöðvaðist 10 metra fyrir ofan girðingu sem í hlíðinni er. Flóðið var um 30 metra breitt og um 80 cm. að þykkt. Tvö önnur smærri flóð féllu þennan dag. Áður en þetta flóð féll hafði verið hvöss SV átt með talsverðri snjókomu og skafrenningi og 5 stiga frosti. Aðfarnótt 8. hlýnaði og fór að rigna.

– hj@bb.is

Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs Ísafjarðarbæjar

Nauðsynlegt að fara yfir allar forsendur við hönnun snjóflóðavarna

Guðni Geir Jóhannesson, formaður bæjarráðs segir sjálf-sagt og nauðsynlegt að fara yfir allar forsendur snjóflóðavarna þeirra sem hannaðar hafa verið ofan Holtahverfis. Hann segir þau mannvirki mun meiri en hann hafi reiknað með og þau komi til með að valda miklum breytingum á umhverfi. Hann segir þó að sveitarstjórnarmenn verði að treysta þeim sérfræðingum sem vinni að þessum málum. Snjóflóðavarnir þær sem hannaðar hafa verið ofan Holtahverfis í Skutulsfirði hafa vakið mikla athygli. Þær eiga að verja byggð í hverfinu fyrir hugsanlegum snjóflóðum úr Kubbanum.

Ljóst er að framkvæmdir þessar munu valda gríðarlegum breytingum á umhverfi og útlit Kubbands mun breytast mjög mikið. Guðni Geir lagðist í vetur gegn gerð svokallaðra snjóflóðaskápa á Kirkjubólshlíð meðal annars vegna þess að framkvæmdunum myndu fylgja mikil umhverfisspjöll.

Guðni Geir segir að umfang snjóflóðavarnanna ofan Holtahverfis hafi komið sér mjög á óvart. „Ég held það sé eins fyrir mér komið og flestum

öðrum að stærð og umfang mannvirkjanna komu mér mjög á óvart. Sveitarstjórnarmenn þurfa í þessum málum mjög að treysta mati sérfræðingna. Þegar öryggi íbúanna á í hlut er ekki forsvaranlegt að taka of mikla áhættu. Hins vegar verðum við að vera fullviss um að allar forsendur sem unnið er eftir séu réttar. Það reyndum við að gera þegar varnargarðurinn við Seljaland var reistur. Sú framkvæmd tafðist vegna þess að við vildum vera viss um að forsendur væru réttar“, segir Guðni Geir.

Eins og áður sagði hafa þessar framkvæmdir mikil áhrif á umhverfið. Aðspurður hvort að hann telji þau varanlegu áhrif sem framkvæmdirnar hafa ásættanlegar segir Guðni Geir að eftir að framkvæmdir hefjast verði ekki aftur snúið. „Því finnst mér sjálf-sagt og nauðsynlegt að fara yfir allar forsendur þessarar mannvirkja. Framkvæmdunum munu fylgja miklar breytingar á okkar nánasta umhverfi og því verða þeir sem að þessu máli koma að fullvissa sig um að engar betri leiðir séu til“ segir Guðni Geir.

– hj@bb.is



Eins og sjá má verða töluverðar breytingar á ásjónu Kubbands við gerð snjóflóðavarnanna.

Sigurður Sveinsson, fyrrverandi útgerðarmaður sem einatt er kenndur við Góustaði

„Forsendur hættumats í Holtahverfi eru rangar“

Sigurður Sveinsson, fyrrverandi útgerðarmaður sem einatt er kenndur við Góustaði, rengir forsendur fyrir snjóflóðahættumati í Holtahverfi. Hann telur framkvæmdir þær sem nú hafa verið skipulagðar því að stórum hluta óþarfar. Þurfi hins vegar að reisa garð eigi að sækja efni í hann inn fyrir hverfið en ekki í hlíðar Kubbands. Hann segir snjóflóð það er féll að húsunum við Kjarrholt 2 og 4 hafa átt upptök sín í Hafrafellshálsinum og telur uppsetningu stoðvirkja með öllu óþarfa.

Um þessar mundir er unnið að hönnun snjóflóðavarna í Kubbanum ofan Holtahverfis í Skutulsfirði. Gert er ráð fyrir uppsetningu stoðvirkja í Bröttuhlíð sem verja eiga hús í Kjarrholti og einnig er gert ráð fyrir gerð snjóflóðavarnargarðs ofan við fjölbýlishúsin í Stórholti. Verður sá garður um 18 metrar að hæð. Alls er reiknað með að kostnaður við gerð varnanna verði um 500 milljónir króna. Í forsendum Veðurstofu Ís-

lands sem snjóflóðahættumat fyrir svæðið er byggt á eru nefnd fimm snjóflóð á síðustu öld. Það fyrsta er sagt hafa fallið á þriðja áratugnum og náð niður að svonefndum Ólafsgarði á tíni Góustaða.

Sigurður segist efast mjög um að flóð hafi fallið að svonefndum Ólafsgarði. Sá garður var á svipuðum stað og gatan Brautarholt er nú í Holtahverfi. Sigurður segist ekki muna til þess að hafa heyrt af þessu flóði í æsku og telur það nánast óhugsandi að það hafi fallið alla þá leið sem nefnt er í skýrslunni. Sigurður segir að það sem fallið hafi úr Kubbanum hafi verið „lellur“ sem hafi nær undantekningarlaust stöðvast í mógrofum sem voru neðan við Kubban. Hann telur því varnargarðinn sem hann-ður hafi verið ekki í neinu samræmi við þau flóð sem fallið hafi á þessum stað.

Sigurður segist einnig muna að flóð það sem féll að húsunum í Kjarrholti árið 1984 hafi ekki átt upptök sín í Bröttuhlíð. Fleki hafi slitnað í Hafrafellshálsinum og fallið á húsinn.



Sigurður Sveinsson.

Hann telur því að stoðvirkja þau sem fyrirhugað er að reisa í Bröttuhlíð séu með öllu óþörf. „Ég hefði talið nægilegt að reisa lítinn garð þarna fyrir ofan og með því væri hægt að koma í veg fyrir þau ógnarspjöll sem þarna eru í undirbúningi. Ég tel einnig fráleitt að verði af gerð varnargarðsins að verði af gerð varnargarðsins þá verði efni tekið í hann í hlíðinni. Það er nægt efni í

garð fyrir innan Holtahverfið. Þar er hægt að útvega efni í garð án þess að skafa þurfi stærstan hluta hlíðarinnar með ofýrirséðum afleiðingum“, segir Sigurður.

Sigurður segir að með þessum athugasemdum sínum sé hann ekki að gera lítið úr nauðsyn snjóflóðavarna, það sé fjarri sér. „Þær framkvæmdir sem þarna er verið að skipu-

leggja eru svo stórtækar og eiga eftir að valda svo mikilli röskun á umhverfi okkar að það verður að gera þá kröfu til þess unga fólks sem þar stýrir för að forsendur séu allar réttar. Ég tel að svo sé ekki og við getum hvorki valdið þessum skaða né farið í þessi gríðarlegu útgjöld að óþörfu. Við megum ekki hlaupa í þessar framkvæmdir bara vegna þess

að ríkið borgar stærstan hluta þeirra. Það er ábyrgðarleysi. Ég er sannfærður um að forsendur eru ekki fyrir þeim miklu framkvæmdum sem þarna er rætt um og ég treysti því að málið verði skoðað frá grunni áður en það verður orðið of seint“, segir Sigurður Sveinsson frá Góustöðum.

– hj@bb.is

Tími umræðu er liðinn og nú þarf efndir og athafnir

– viðtal við Víði Benediktsson, framkvæmdastjóra og vélvirkja í Bolungarvík

Víðir Benediktsson er að sjá yfirvegaður og rólegur maður. Hann er Víkari. Einn af þeim mönnum sem sáu Bolungarvík blómstra – svo mjög að Ísfirðingar dauðöfunduðu Bolvíkinga af mörgum þáttum í þeirra samfélagi. Það var nú reyndar aldrei viðurkennt opinberlega. Sagt er að Víkarar séu þrjóskari en allt sem þrjóskt er. Trúlega er það rétt. Það þurfti líka þrjósku til þess að byggja upp þetta myndarlega samfélag á stað sem að mörgu leyti stóð sumum öðrum stöðum aftar frá náttúrunnar hendi. Ísfirðingar öfunduðu stundum Bolvíkinga af fleiru. Eitt af því var samstaðan sem meðal þeirra ríkti löngum, í það minnsta eftir að inn fyrir Kross var komið.

Því brá mörgum í brún þegar lásu grein Víðis þar sem hann sagði sveitarstjórnarmönnum og alþingismönnum okkar upp störfum. Þessi hægláti Víkari er greinilega búinn að fá nóg af þróun mála á Vestfjörðum. Vill stofna samtök til varnar Vestfjörðum. Það er ennþá svo, að flestir íbúar Vestfjarða leggja við hlustir þegar menn tala umbúðalaust. Því var ekki úr vegi að taka Víði tali og ræða við hann um ástæður þess að hann sagði á einu bretti upp öllum sveitarstjórnarmönnum og þingmönnum okkar.

– Fyrst að manningum sjálfum. Þú hefur undanfarna áratugi verið með rekstur í Bolungarvík. Hvenær hófst rekstur Vélvirkjans?

„Vélvirkinn var stofnaður 4. apríl 1976 og verður því þrjátíu ára á næsta ári. Við reukum hér góða smiðju og vélaverkstæði og ágæta byggingavöru-, útgæðavöru- og vélavöruslun. Ég lærði upphaflega vélvirkjun ásamt Benedikt bróður mínum í Vélsmiðju Bolungarvíkur. Við stofnuðum Vélvirkjann saman við bræður. Árið 1976 var mikill uppgangur í Bolungarvík og þá trúði maður því að ekkert gæti komið fyrir Bolungarvík. Við vorum metnaðarfullir ungir menn sem höfðum trú á okkur og okkar heimabyggð og framtíð hennar. Það gekk líka vel fyrstu árin en eftir 1980 fór að síga á ógæfuhliðina í Bolungarvík og sérstaklega eftir 1985. Frá því ári hafa flust héðan um 100 manns á hverjum fimm árum. Það er ekkert lítið að missa 400 manns á 20 árum. Það er sá veruleiki sem við stöndum frammi fyrir í dag.“

– Þú hefur því í þínum rekstri upplifað mikla uppsveiflu og einnig mikla og djúpa niðursveiflu?

„Já, þessi rekstur var mikill á tímabili en hefur núna farið niður í að vera það sem ég kalla tómt hokur.“

– Er það nú ekki fullmikið að nota þar orðið hokur?

„Nei, því miður er þetta ekki ofmælt. Að mínu mati búa mörg iðnfyrirtæki í þjónustu hér við Djúp hokurbúskap. Það hafa dregist svo saman viðskiptin að mörg þessara fyrirtækja eru ekki nema svipur hjá sjón. Sum þeirra hafa farið í gjaldprot og reyndar hafa einhver þeirra risið upp aftur með nýrri kennitölu, sem ekki hefur styrkt þau eldri.“

Sjálfstæðis- maðurinn Víðir

– Í greininni sem þú skrifaðir á dögunum sagðir þú upp þínum þingmönnum og einnig þínum sveitarstjórnarmönnum vegna þess sem þú kallar slægt vinnubrögð. Nú hefur þú lengi starfað innan Sjálfstæðisflokksins. Var ekki nær fyrir þig að beita þér innan hans og hafa þannig áhrif á stefnu hans og vinnubrögð í byggðamálum?

„Það er von að spurt sé. Ég hef starfað innan Sjálfstæðisflokksins áratugum saman í Bolungarvík eða frá því að ég fór að velta stjórnáttum fyrir mér sem ungur maður. Þrátt fyrir mikið starf innan flokksins í Víkinni hafa mál nú samt sem áður þróast þannig, að forysta flokksins hér hefur ekki mikið sóst eftir mínum starfskröftum. Raunar hefur hún beitt ýmsum aðferðum til þess að koma í veg fyrir að ég næði þeim áhrifum í bæjarmálum sem ég hefði kosið á stundum. Einn sinni, fyrir nokkrum árum, fór ég þó í prófkjörsslag fyrir sveitarstjórnarkosningar. Þá bauð ég mig fram í fyrsta sæti listans gegn Ólafi Kristjánssyni, sem þá hafði leitt listann lengi. Hann hafði á endanum nauman sigur. Mér hefði nægt að fá frá honum fjögur atkvæði til þess að leggja hann, því á okkur munaði aðeins sjö atkvæðum.“

Ég bauð mig aðeins fram í fyrsta sætið því ég vildi sjá ákveðnar breytingar, en ég náði því ekki og því tók ég ekki sæti á listanum. Ég hef hins vegar komið að ýmsum störfum fyrir flokkinn í gegnum tíðina enda einlægur stuðningsmaður hans lengst af. Ég hef alla tíð verið tilbúinn að leggja minni heimabyggð lið en af einhverjum ástæðum

hafa margir átt greiðari leið til þeirra starfa en ég. Sumir hverjir án þess að sækjast eftir því og þekkt er hér um slóðir, sem og annars staðar á Vestfjörðum, hversu greiða leið fólk sem nýflutt er á svæðið hefur átt til forystustarfa í félagsmálum. Bolvíkingar og margir aðrir Vestfirðingar hafa oft á tíðum treyst nýju fólki með takmarkaða þekkingu betur til trúnaðarstarfa en innfæddum sem hér hafa vaxið og dafnað með bænum. Hvers vegna veit ég ekki. Kannski eru sumir menn ekki af réttum ættum. Kannski er nýtt fólk auðveldara í taumi, hver veit.“

– Hefur þetta þrönga sjónarhorn sem þú talar um við val á mönnum til trúnaðarstarfa valdið samfélögum hér tjóni?

„Já, það er enginn vafi í mínum huga. Nú má enginn taka orð mín svo að ég hafi eitthvað á móti því ágæta fólki sem hingað flytur. Það segir sig hins vegar sjálf, að til þess að ná árangri í störfum er nauðsynlegt að hafa grunnþekkingu á þeim málum sem þú ert að fást við hverju sinni. Þú verður líka að hafa þekkingu á því samfélagi sem þú ert að vinna fyrir. Slík þekking verður ekki til á augabragði og slíka þekkingu verður fólk að tileinka sér áður en það er dregið til áhrifa. Það er of dýrkeypt að slík þekking verði til eftir að til trúnaðarstarfanna er komið.“

Mjög ósáttur við bæjarstjórnina

– Má af grein þinni ráða að þú sért mjög ósáttur við bæjarstjórnina í Bolungarvík?

„Já, það er rétt mat. Ég er þeirrar skoðunar og ég er viss um að ég deili henni með fleiri Bolvíkingum, að sjaldan eða aldrei hafi bæjarstjórn Bolungarvíkur, sem þó voru bundnar

miklar vonir við, staðið sig verr en á undanföllum árum. Það er ömurlegt hlutskipti mitt sem einlægs Bolvíkings að þurfa að viðurkenna það, en þetta er mín tilfinning. Ég er mjög ósáttur við frammistöðu bæjarstjórnarinnar í mörgum málum. Sérstaklega er ég ósáttur við að hún er steindauð í allri opinberri umræðu. Bolungarvík er endastöð landfræðilega og því þurfa menn hér að berjast harðar fyrir sínum hlut heldur en til dæmis Ísfirðingar. Í þessari baráttu finnst mér mín bæjarstjórn hafa brugðist.“

– Ertu þá að segja að bæjarstjórnin hafi brugðist bæði í störfum innan sveitarfélagsins og utan þess?

„Já, það er mín skoðun og því miður óttast ég að ég hafi rétt fyrir mér í því efni. Enginn yrði glaðari en ég ef hefði rangt fyrir mér. Nú má enginn skilja orð mín svo að mér finnist aðrar sveitarstjórnir á svæðinu mikið betri. Því miður er svo ekki og það hefur sannast að undanföruni í nýjustu uppákomunum í þeim málum sem að okkur snúa. Þar á ég til dæmis við þegar sú ákvörðun var tekin að flytja störf Fiskistofu til landsbygðarinnar. Sennilega hafa engin opinber störf hentað Vestfirðingum betur. Samt sem áður kemur ekkert þessara starfa hingað. Einn af okkar þingmönnum varði samt þessa ákvörðun.“

Steininn tók þó úr í vitleysunni þegar vegaáætlunin kom fram á dögunum. Þar voru skoðanir og væntingar okkar hér algjörlega hundsáðar. Og ekki bara hundsáðar heldur voru einnig svikin loforð sem okkur höfðu verið gefin. Og hvað gerðu okkar fulltrúar í Sjálfstæðisflokkinum? Fóru þeir og slógust? Börðu þeir í borðið? Settu þeir ríkisvaldinu stólinn fyrir dýrnar? Nei, þeir leiddu samgönguráðherra vestur ásamt framkvæmdastjóra Sjálfstæðisflokksins og héldu veislu. Þeir héldu hátíð til kenna við suðrið. Það er kannski vegna þess að allir stefna suður ef fram fer sem horfir. Ég er kannski orðinn svona vonlítill um einhverjar róttækar breytingar en ég sá ekkert tilefni til veisluhalds eftir að vegaáætlunin kom fram, því miður.“

Er ekki hægt að kjósa aðra?

– En ert þú sem kjósendi

Sjálfstæðisflokksins ekki samþyggur? Af hverju kýstu ekki bara aðra flokka og tekur gleði þína að nýju?

„Já, það er nú það. Eins og ég sagði hef ég alltaf kosið Sjálfstæðisflokkinn. Hin síðari ár eingöngu vegna þess að ég hef síður treyst hinum flokkunum. Nú er hins vegar svo komið að ég get ekki hugsað mér að kjósa hann oftar, né neinn hinna flokkanna, nema það verði miklar viðhorfsbreytingar. Ég er ennþá flokksbundinn en ég get bara ekki sætt mig við þau vinnubrögð sem beitt hefur verið á undanföllum árum. Þetta eru þung spor sem maður þarf að stíga þegar þetta er viðurkennt. Það er ekki skemmtiefni fyrir mann, sem býr í litlu samfélagi eins og við búum í hér vestra, að þurfa að viðurkenna að þeir sem valdir hafa verið til trúnaðarstarfa fyrir okkar hönd hafi ekki staðið sig nægilega vel.“

– Hvað er það sem fer verst í þig í þessum efnunum?

„Það er fólksfækkunin. Ég get ekki sætt mig við þá þróun sem verið hefur í þeim málum á undanföllum árum. Mér finnst við ekki taka nægilega á þeim efnunum. Hvers vegna er fólk að flytja burt? Hafa ráðamenn verið að leita raunverulegra skýringa á því? Er það bara vegna þess að það er svo gott að búa í Reykjavík? Nei, það er ekki nægileg skýring, að mínu mati. Við verðum að fara í saumana á þeim málum og ræða við þá fólk sem hefur verið að yfirgefa okkur. Af hverju kýs unga fólk að fara héðan? Af hverju hafa orðið svona miklar breytingar á aldursmáttungu íbúanna?“

Því miður sé ég ekkert í pípunum sem breytir þessari þróun og það er það versta. Það er algjörlega ófært. Eru menn að gera eitthvað? Mér finnst það ekki. Menn blésu upp svokallaðan Vaxtarsamning fyrir nokkru. Er eitthvað þar sem hönd á festir? Því miður hefur enginn fjárhagslegur grunnur verið gerður að þeim samningi. Reyndar hélt ég að samningurinn hefði verið gerður en á dögunum kom bréf að sunnan þar sem kom fram að nú loksins ætti að fara að gera samninginn. Það sem kynnt var í vetur voru þá bara drög.“

Nú hefst ein umræðan ennþá um það, sem allir vita, að við eigum undir högg að sækja og grípa þurfi til róttækra aðgerða. Mér finnst menn sífellt

vera að ræða málin. Menn skipa hverja nefndina á fatur annari og skipuleggja. Nú heitir það að fara í stefnumótunarvinnu. Þegar síðan búið er að svíkja allt sem rætt hefur verið um, þá er bara skipuð ný nefnd og okkur sagt að hafa okkur hægt á meðan unnið sé að lausn mála. Það má engan styggja og fulltrúar okkar gera lítið annað en að típla á tánum í kringum ráðamenn. Þetta er einhver eilífðar biðstofuleikur.“

Að hrópa á torgum

– En er nokkur lausn að hrópa á torgum, eins og sagt er? Gefur það okkur nokkuð að vera sífellt að slást um okkar hagsmuni í opinberri umræðu?

„Það er einmitt það sem ég var að nefna. Fulltrúar okkar hafa á undanföllum árum haft þá stefnu, að því er virðist, að fara hljóðlega að ráðamönnum. Árangurinn er því miður enginn og því verðum við að skipta um aðferðir. Við verðum að berjast fyrir tilveru okkar með þeim vopnum sem til tæk eru hverju sinni. Við verðum að vera ófeimin við að segja sannleikann. Beita staðreyndum um stöðu mála og þróun undanfarinna ára. Við megum ekki loka augunum fyrir því sem gerst hefur, þrátt fyrir að það sé ekkert skemmtilegt að þurfa að rifja það upp. Staðreyndin er sú, að það verður engin hugarfarsbreyting í okkar garð nema að við gerum fólk í landinu það ljóst svart á hvítu hvað gerst hefur á undanföllum árum.“

– Nú hefur þú beint spjótum þínum að þingmönnum líka. Finnst þér þeir ekki hafa haldið nægilega vel á okkar málum?

„Það hljóta allir að gera sér það ljóst, að þingmenn okkar hafa ekki þann styrk sem við erum von héðan. Það er okkur lífsnauðsynlegt að eiga þingmenn sem eru svo áhrifamiklir, að ráðherrar hverju sinni vogi sér ekki að svíkja loforð gagnvart okkur. Það má vera, að ef við eignuðumst ráðherra, þá mundi ýmislegt breytast. Sér einhver að slíkt gerist alveg á næstunni? Hitt veit ég, að þetta ástand þolir enga bið. Ákvörðunin um tilfærslu starfa hjá Fiskistofu án þess að nokkurt þeirra kæmi til Vestfjarða sýnir ef til vill best hvar við stöndum í hinna pólitísku goggunarröð. Styrkur okkar pólitísku fulltrúa á að vera það mikill, að ráðherra sé ókleift að taka slíkar ákvarð-

anir nema með samþykki okkar fólks. Því miður er veruleikinn annar.“

Hér er gott mannlíf

– Ertu ekki full svartskýnn fyrir hönd okkar? Það er nú ekki svo að hér sé allt ómögulegt.

„Nei, síður en svo. Það eru ekki mín orð. Hér er gott mannlíf að mörgu leyti. Hér hefur þrífist mjög öflugt félagsstarf. Það er aðdáunarvert hve miklu frjáls félagasamtök hafa áorðað í byggðarlögum hér fyrir vestan og ég vona svo innilega að þannig verði það áfram. Hér er þjónusta að mörgu leyti mjög góð og í raun kannski betri en við höfum efni á um þessar mundir vegna fólksfækkunar. Til þess að halda þessari þjónustu þarf að fjölga hér fólki að nýju sem allra fyrst. Aðeins þannig getum við varið það sem við þó höfum ennþá. Við getum ekki og megum ekki liggja endalaust í vörn og sitja að spjalli. Við verðum að framkvæma. Okkar fulltrúar, hvort sem það er í sveitarstjórn eða á Alþingi, eru ekki öfundsverðir. Menn sem í þau störf veljast verða að gera sér grein fyrir því að þar verða menn að leggja af mörkum ómælda vinnu og erfiði, eigi að takast að snúa þessari óheillaþróun við.“

– Nú er mikill uppgangur á mörgum stöðum á landsbyggðinni. Menn með þína menntun og fyrirtæki í þeim rekstri eru á kafi í verkefnum. Af hverju hefurðu þá ekki flutt annað þar sem þú getur haft það betra?

„Um leið og ég tæki slíka ákvörðun væri ég líka að taka ákvörðun um að fara héðan eignalaus. Ég væri að setta mig við það að allt mitt lífsstarf sé tapað. Ég hef ekki áhuga á því að fara héðan eignalaus. Ég hef heldur ekki áhuga á því að flytja héðan án þess að vera viss um að fullreynt sé hvort hægt sé að snúa þessari óheilþróun við. Við getum ekki og megum ekki sætta okkur við þá eignaupptöku sem átt hefur sér stað á undanförmum árum á landsbyggðinni. Það er alveg útilokað mál. Hér vil ég helst vera. Hér eru rætur mínar og þrátt fyrir að fjögur börn mín og fimm barnabörn búi annars staðar, þá lifur okkur afskaplega vel hér. Ég get ekki sætt mig við að það sé eitthvert náttúruleg mál að allt unga fólkið flytjist á brott. Að þeir sem landið eiga að erfa og viðhalda byggðinni, geti ekki búið hér.“

Staðreyndin er sú að ég hef alla tíð haft mikla trú á þessari byggð og bara fyrir fimm árum var ég mjög bjartsýnn. Því miður hef ég ekki forsendur til þess eins og staðan er í dag. Þrátt fyrir mikla aukningu í aflaheimildum okkar í Bolungarvík hefur ekki fjölgað hér á ný, öryggið er ekki nægilegt. Í sjávarútveginum er skipulagið þannig að á einni nóttu getur grundvöllur heila byggðarlaganna breyst. Þetta

finnur fólk og vill síður vinna þar en áður var. Þess vegna er byggðunum nauðsynlegt að hér þrífist fjölbreyttara atvinnulíf en áður var. Tími sterku sjávarútvegsfyrirtækjanna í heimabyggð, sem fólk taldi að væru eilíf, er liðinn. Það spilar líka inn í, að útgerðinni var treyst fyrir auðlindum sjávarins. Því miður virðist útgerðin ekki hafa staðið undir því trausti.“

Hugarfarsbreytingar er þörf

– Ef við snúum okkur að stjórnmalaflokkunum: Telur þú virkilega að ekki sé hægt að breyta málum með því að þú og aðrir kjósi nýja flokka til ábyrgðar?

„Já, eins og ég sagði áðan þarf hugarfarsbreytingu í stjórnmalum almennt í landinu gagnvart landsbyggðinni. Ég get nefnt dæmi. Hitun íbúðarhúsnæðis er enn 60% dýrari en í Reykjavík, að teknu tilliti til niðurgreiðslu. Það getur aldrei verið ásættanlegt að atvinnurekstur á Vestfjörðum greiði næri þrisvar sinnum meira fyrir húshitun heldur en sambærilegur atvinnurekstur í Reykjavík. Það er sá raunveruleiki sem mitt fyrirtæki býr við í dag. Það skekkir auðvitað samkeppnisaðstöðu mína gagnvart öðrum fyrirtækjum.“

Högværd Vestfirðinga er með ólíkindum. Fasteignaverð hefur lækkað svo mikið, að ég hef á tilfinningunni að ennþá fleiri væru farnir frá Vestfjörðum ef ekki kæmi til sá gríðarlegi munur sem orðin er á fasteignaverði á Vestfjörðum annars vegar og annarra landshluta hins vegar. Það er auðvitað ægileg staðreynd, að íbúi í höfuðstað Vestfjarða sem selur fasteign sína fær hvergi svipaða fasteign í sveitarfélagi af áþekktri stærð. Hvergi nokkurs staðar.“

–Geturðu nefnt fleiri dæmi?
„Já, því miður er af nógu að taka. Hvað hefur verið gert í jöfnun flutningskostnaðar, sem margir stjórnmalamenn hafa lofað? Ekki neitt. Flutningskostnaður til landsbyggðarinnar hefur hækkað gríðarlega á undanförmum árum. Eitt nýjasta afrek stjórnmalamanna á því sviði var að leggja af jöfnun á flutningskostnað sements. Í kjölfarið hækkaði flutningskostnaður á sementi til Bolungarvíkur um 500%. Því miður er hægt að benda á mörg svona mál. Stjórnmalamenn í dag láta mörg svona mál yfir sig ganga. Umræðan er ávallt þannig að um lífið mál sé að ræða. Hins vegar gerir margt smátt eitt stórt.“

Til varnar Vestfjörðum

– Nú kemur fram í grein þinni, að þú hafir rætt þessi mál í hópi manna undanfarna mánuði. Er í uppsiglingu einhver félagsskapur sem hugsanlega mun vinna að þessum málum?
„Það er rétt, að undanfarna

mánuði hef ég ásamt fleiri mönnum við Djúp rætt stöðu mála hér um slóðir. Þessi hópur er sammála um að nú sé komið að ákveðnum kaflaskilum í byggðamræðunni. Við getum ekki látið þetta ganga svona lengur. Suðvesturhornið geysist fram úr okkur á því líkum ógnarhraða að það hálfa væri nóg. Við getum ekki lengur sætt okkur við að ráðamenn svíki gerða samninga og gefin loforð. Við sem hér búum verðum að gera úrslitartilraun til þess að breyta hugarfari stjórnmalamanna gagnvart byggð hér um slóðir. Þetta er ekkert væl. Það er alveg sama hvar við berum niður í tölfraðinni. Hér hefur flest færst á verri veg á undanförmum árum. Það er sú staðreynd sem við búum við og verðum að heyja okkar baráttu út frá. Sú þróun sem hér hefur átt sér stað hefði kallað á stórtæk viðbrögð í öllum siðmenntuðum löndum. Hér gerist hins vegar ekki neitt annað en að menn halda áfram að gefa loforð sem ekkert gildi hafa. Því miður eru stjórnmalamenn hér orðnir sérfræðingar í alls kyns umræðum. Hér sitja menn daginn út og daginn inn á spjalli. Síðan gerist ekki neitt.“

– Ertu þá að tala um að stofna stjórnmalaflokk?

„Nei, alls ekki. Það sem við höfum verið að ræða er þverpólitískt félag sem beiti sér fyrir breyttum áherslum innan stjórnmalaflokkanna. Hópur sem lætur í sér heyrna og segir sannleikann um stöðu mála. Stjórnmalafundur hér eru orðnir haleljújasamkomur. Þá sjaldan að hingað koma ráðamenn að sunnan, þá fer stærstur hluti fundartímans í að ráðamenn okkar hér heima halda ræður þar sem þeir mæra viðkomandi og þakka honum fyrir að leggja það á sig að koma vestur. Efnisleg umræða kemst ekki að. Ég velti því stundum fyrir mér hvort fulltrúar okkar séu farnir að tipla svo í kringum ráðamenn, að þeir séu hreinlega hættir að heyra frásagnir héðan af raunverulegri stöðu mála. Þegar stjórnmalaforingjar komu vestur hér áður fyrr voru þeir teknir í gegn á fundum ef ástæða þótti til. Núna koma þeirir menn og það eina sem þeir heyrna er hversu fórnfúsir þeir hafi verið að koma vestur.“

Endurskoðun stjórnarskrárinnar

„Annað mál sem huga þarf að er endurskoðun stjórnarskrárinnar. Sú vinna stendur nú yfir og þar er talað um opna og gegnsæja umræðu. Í þeirri umræðu verður landsbyggðar fólk að beita sér. Við verðum að vernda eignir fólks á landsbyggðinni og líf þess þar.“

Stefna stjórnvalda í málefnum landsbyggðarinnar er ekkert annað en mannréttindabrot. Við getum ekki sætt okkur við að lífsstarf margra kynslóða sé gert verðlaust án þess í það minnsta að bætur komi fyrir. Í því sambandi má nefna að



sveitarfélögum er bætt að hluta lækkaandi fasteignaverð og vegna fólksfækkunar með greiðslum í gegnum Jöfnunar-sjóð sveitarfélaga. Almenn-ingur verður hins vegar að bera sinn hlut óbættan. Eignir á landsbyggðinni hafa ekki lækkað í verði vegna þess að þar vilji fólk ekki byggja. Þær hafa hins vegar lækkað í verði vegna þess að stefna stjórnvalda gerir fólki ekki kleift að búa þar.“

– Hvert ætti að verða fyrsta skrefið í hugarfarsbreytingu stjórnmalamannanna?
„Fyrsta skrefið er að viðurkenna staðreyndir og trú þá að hægt sé að snúa vörn í sókn. Stjórnmalamenn sem trúa því ekki að hér verði hægt að fjölga í framtíðinni gera ekkert gagn. Síðan verða stjórnmalamenn að breyta áherslum innan stjórnmalaflokkanna á þann veg, að sveitarfélögin mæti ekki ávallt afgangi. Við getum ekki sætt okkur við það að

hagsmunir ríkisins gangi ávallt fyrir. Hagsmunir sveitarfélaganna sem sinna mestri þjónustunni við borgarana verða að vera meira metnir en þeir eru í dag.“

– Og heldurðu að þessi hópur nái einhverjum árangri?
„Ég ætla rétt að vona það. Á næsta ári verða sveitarstjórnarkosningar. Áður en að þeim kemur verða stjórnmalaflokkarnir að vera búnir að sannfæra okkur um að þeim sé treystandi. Staða byggðanna hér um slóðir er það veik, að við megum engan tíma missa. Þess vegna er mjög mikilvægt að almenningur setji stjórnmalaflokkunum stóllinn fyrir dyrnar á næstu mánuðum og geri fulltrúum þeirra ljóst, að núverandi ástand verður ekki líðið lengur. Fá hópinn ekki hljómgrunn er ekkert við því að gera. Þá hefur fólk sætt sig við núverandi ástand. Mér fannst hins vegar nauðsynlegt að gera þessa tilraun. Ég get

ekki sætt mig við það ástand sem nú ríkir og vil því leggja það af mörkum sem ég get til þess að breyta því. Dugi það ekki nær það ekki lengra.“

– – –
Það fer ekki á milli mála að Víðir Benediktsson hefur fengið nóg af fólksfækkun og ýmissi annarri óáran á Vestfjörðum. Hann hefur kvatt sér hljóðs og vill breytingar. Telur að nóg sé komið af umræðum, skoðunum, stefnumótunum, skýrslum, álitserðum, nefndum, starfshópum, verkefna-hópum, greinargerðum, verkefnastjórnunum og síðast en ekki síst loforðum. Hann vill efndir og athafnir. Skyldum við nokkuð tapa á því? Væri ekki rétt að hrinda einhverju í framkvæmd hér áður en nýjungin umræðustjórnmal nær hingað vestur? Eða vorum það kannski við sem fundum upp það hugtak með störfum okkar undanfarnin ár?
– Halldór Jónsson.



Vegleg afmælishátíð Litla leikklúbbsins

Um helgina var haldið upp á 40 ára afmæli Litla leikklúbbsins á Ísafirði. Klúbburinn var stofnaður 24. apríl 1965 og hefur staðið fyrir öflugum leiklistarstarfi óslitið síðan.

Margir brottfluttir félagar komu til bæjarins til þess að fagna þessum tímamótum með heimamönnum.

Hátíðarhöldin hófust á föstudagskvöld með opnu húsi í Edinborgarhúsinu. Þar skoðuðu félagar gamla muni og myndir úr starfsemi klúbbsins og einnig var sýnt nýjasta verk klúbbsins, kabarett sem byggður er á bæjarlífi

Ísafjarðar. Á laugardagskvöld var hátíðarkvöldverður í félagsheimilinu í Hnífsdal. Veislustjóri kvöldsins var Páll Loftsson. Þar skemmtu menn sér með leik, söng og ræðu- höldum fram eftir kvöldi og léku Baldur og Margrét fyrir dansi fram á nótt. „Afmælishelgin tókst mjög vel og var eins og stórt og gott ættarmót“, sagði einn félagi í klúbbum í samtali við blaðið. Meðfylgjandi myndir af afmælishátíðinni í Edinborgarhúsinu og í Félagsheimilinu í Hnífsdal tók Þorsteinn J. Tómasson. – hj@bb.is



Atvinna

Starfsmaður óskast til ræstinga. Um er að ræða hlutastarf. Vinnutími er ein helgi í mánuði (föstud., laugard., sunnud. og mánudag) u.þ.b. 14 tímar alls auk afleysingastarfa. Reynsla af ræstingum ekki nauðsynleg.

Einnig er laust fullt starf við bílaþrif. Vinnutími er frá kl. 10-19 mánudaga til föstudaga og fullt starf við bílaþrif og ræstingar. Vinnutími eftir samkomulagi.

Við leitum að heiðarlegu og áreiðanlegu starfsfólki sem getur unnið sjálfstætt.

Nánari upplýsingar í síma 862 5669.

MASSI þrif ehf.,



Stofnun alþjóðlegrar rannsóknastofnunar á sviði loftlagsbreytinga á Ísafirði

Forsætisráðherra veitir styrk til at- hugunar á hagkvæmni stofnunarinnar

Forsætisráðherra hefur veitt styrk til hagkvæmnisathugunar á stofnun alþjóðlegrar rannsóknastofnunar á sviði loft-

lagsbreytinga á Ísafirði. Eins og sagt var frá í byrjun mars hefur vinnuhópur unnið að undirbúningi verkefnisins og

sagði Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, að miðað væri við að stofnunin gæti tekið til starfa á næstu 2-

3 árum, ef af stofnun hennar yrði. Rannsóknastarf stofnunarinnar mun einkum beinast að áhrifum loftslagsbreytinga á lífríki hafsins, hafstrauma, dýralíf og gróður og bráðnun jökla. Ætlunin er að byggja starfsemina á þáttöku erlendra rannsóknastofnana og vísindamanna og að nýta sérþekkingu íslenskra fræðimanna. Landfræðileg lega Íslands er talin sérlega heppileg til rannsókna á þessu sviði.

Í fyrrnefndum vinnuhóp eru Björgólfur Thorsteinsson rekstrarhagfræðingur, Hallvarður Aspelund arkitekt, Dr. Ívar Jónsson prófessor, Jónas Guðmundsson hagfræðingur og Ólöf Guðný Valdimarsdóttir arkitekt. Haraldur Sigurðsson, prófessor við Graduate School of Oceanography, University of Rhode Island í Bandaríkjunum er jafnframt ráðgjafi hópsins.

Rannsóknir á loftslagsbreytingum hafa aukist verulega á vesturlöndum á undanförmum árum og er fyrirsjáanleg mikil þörf fyrir aukna þekkingu og rannsóknir á þessu sviði á komandi árum. Sem dæmi má nefna að nýlega veitti bandaríska vísindastofnunin Kansasháskóla styrk sem svarar til rúmlega eins milljarðs íslenskra króna til rannsókna á bráðnun íssins við heimskautin.

Rannsóknir á loftslagsbreyt-

– halfdan@bb.is



Lífeyrissjóður Vestfirðinga er til húsa í Neista.

Lífeyrissjóður Vestfirðinga

Raunávöxtun samtryggingardeildar 12,8% í fyrra

Raunávöxtun samtryggingardeildar Lífeyrissjóðs Vestfirðinga var 12,8% á síðasta ári. Hrein eign sjóðsins til greiðslu lífeyris hækkaði um 2.650 milljónir króna eða um 17% á árinu og var í árslok rúmir 17,8 milljarðar króna. Skipting eignasafns samtryggingardeildar var á þann veg að verðbréf með föstum tekjum voru 44% af eignum, verðbréf

með breytilegum tekjum voru 48% af eignum, veðlán voru 3% og aðrar eignir voru 5% af eignum samtryggingardeildar.

Eignir deildarinnar voru 83% í íslenskum krónum og 17% í erlendum gjaldmiðlum um áramót. Á síðasta ári var raunávöxtun séreignardeildar sjóðsins 23%. Eignir hennar eru í ríkisskuldabréfum, hlutabréfum og erlendum hlutdeild-

arskírteinum. Þar voru 93% eigna í íslenskum krónum og 7% í erlendum gjaldmiðlum.

Í frétt frá sjóðnum segir að góða ávöxtun megi rekja til hagstæðra skilyrða á verðbréfamörkuðum, sérstaklega á innlendum hlutabréfamarkaði, en styrking íslensku krónunnar hafi þó dregið úr ávöxtun seinni hluta ársins.

– hj@bb.is

Lánatryggingasjóður kvenna

Einu umsókninni frá Vestfjörðum hafnað

Á árunum 2001-2003 barst lánatryggingasjóði kvenna aðeins ein umsókn um fyrirgreiðslu frá Vestfjörðum. Þessari einu umsókn var hafnað. Þetta kemur fram í svari Árna Magnússonar félagsmálaráðherra við fyrirspurn Önnu Kristínar Gunnarsdóttur á Alþingi. Anna Kristín spurði félagsmálaráðherra hve margar umsóknir hafi borist lánatryggingasjóði kvenna undanfarin ár og hvernig þær skiptist eftir kjördæmum. Lánatryg-

gingasjóðurinn er samstarfsverkefni félagsmálaráðuneytis, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytis og Reykjavíkurborgar. Þessir aðilar hafa árlega lagt fé í sjóðinn og fulltrúar þeirra sitja í stjórn hans.

Í svari ráðherra kom fram að á árunum 2001-2003 hafi sjóðnum borist 91 umsókn, þar af aðeins ein frá Vestfjörðum. Alls var orðið við 20 umsóknir en eina umsóknin frá Vestfjörðum var ekki meðal þeirra. Engin umsókn var samþykkt

frá Suðurnesjum, Vesturlandi, Norðurlandi vestra og Suðurlandi auk Vestfjarða. Ein umsókn var samþykkt frá Norðurlandi eystra og sömu sögu er að segja frá Austurlandi. Hinar 18 umsóknirnar sem samþykktar voru komu frá Reykjavík. Sjóðurinn veitir ekki fjármunum heldur tryggingar vegna bankalána. Samtals voru veittar tryggingar á þessum árum fyrir lánunum að upphæð 28,3 milljónir króna.

– hj@bb.is



Gert er ráð fyrir því að stofnunin verði á Ísafirði.



Reiðhjól og
línuskautar
í miklu úrvali



Hafnarbúðin
Sími 456 3245

Hermann Nielsson, kennari við Menntaskólann á Ísafirði svarar grein Ólínu Þorvarðardóttur á bls. 7

Sannleikanum verður hver sárreiðastur

Ólína Þorvarðardóttur sést ekki fyrir í hamagangi sínum í fjölmiðlum. Það á bæði við í svári hennar við grein minni í Bæjarins besta og Morgunblaðinu sem og í Kastljósbætti s.l. miðvikudag. Ekki var meiningin að skrifa meira um málið en svo má lengi brýna deigt járn að bíti. Flest atriðin í grein minni eru í fullu gildi og voru ekki sett fram með „digrum yfirlýsingum“ þá geta lesendur staðfest.

Það var eftir öðru hjá Ólínu að kenna mér um að rjúfa friðinn við Menntaskólann á Ísafirði. Þann vafasama heiður vil ég ekki af henni taka. Hún kennir mér um flest ummæli sem birst hafa í fjölmiðlum um stjórnunarhætti hennar og framkomu. Blaðamenn hafa hins vegar vitnað til fjölmargra einstaklinga í umfjöllunum sínum. Heldur Ólína því fram að þeir ljúgi þeim ummælum upp á viðmælendur sína?

Í grein sinni á bb.is 22. apríl og í Morgunblaðinu segir Ólína: „Allar þær nafnlausu rangfærslur og persónuárásir í fjölmiðlum fá á sig nafn og andlit í grein Hermanns Niels-sonar“. Slíkur málflytningur dæmir sig sjálfur. Skoðum hvaða fullyrðingar mínar voru í „besta falli villandi, í versta falli ósannindi“ eins og ÓP kemst að orði í svargrein sinni en þar svarar hún aðeins fjór- um létvægum atriðum af fjölmörgum.

Um stjórnsýslukvartanirnar 5 segir ÓP: „Hið rétta er að ein kvörtun hefur borist ráðuneytinu frá Félagi framhaldsskólakennara.“ En, í yfirlýsingu frá FF 1. apríl 2005 segir: „á árunum 2003 – 2004 fjölgaði mjög fyrirspurnum og umkvörtunum félagsmanna við MÍ vegna framgöngu og embættisfærslu skólameistara“ einnig segir þar „þrátt fyrir fullyrðingar skólameistara um hið gagnstæða er staðreyndin sú að flest þessara mála eru óleyst.“ Eitt þeirra er orðið að

dómsmáli. Og, í bréfi Elnu Katrínar Jónsdóttur þ.v. formanns FF til Guðmundar Árnasonar ráðuneytisstjóra þann 15. febrúar s.l. segir: „stjórn félagsins lítur svo á að rökstuddar kvartanir þess og einstakra félagsmanna séu þess efnis að óhjákvæmilegt sé að menntamálaráðuneytið láti málið til sín taka.“ Þessu verður Ólína Þorvarðardóttir að kyngja.

Það er rétt hjá Ólínu að allir fjórir nústarfandi sviðsstjórnarar við MÍ hafa fagleg réttindi í einu fagi af 3 -5 á sviði hvers og eins. Rétt skal vera rétt og leiðréttist hér með. Sú fullyrðing mín að einn sviðsstjóra hefði ekki haft fagrétindi á sviðinu var á misskilningi byggð enda leiðrétti ég það strax á bb.is og kemur því ekki fram í Bæjarins besta. Leiðréttingin náði ekki inn í Morgunblaðið, ristjórnarfulltrúinn sagði mér að birting greinarnar yrði eftir helgina, leiðréttingin mín fór til þeirra á laugardag en viti menn, þar fannst mönnum greinin svo góð að þeir birtu hana strax í sunnudagsblaðinu.

„Varðandi leiðréttingar yfir- stjórnenda og fjölda einkunna sem breytt var í 1. umferð fer Hermann með rangt mál.“ skrífur skólameistarinn. Var- aðu þig nú Ólína. Þú baðst mig að útvega þér vetrareinkunnir 9 nemenda sem þið Guð- bjartur aðstoðarskólameistari breyttuð prófseinkunnum hjá og ritari skólans færði inn. Þú ert að vitna í breytingar á 15 einkunnum við yfirferð Guð- jóns Ólafssonar, fyrrverandi enskukennara við MÍ þess sem samdi prófið og er af þér talinn hlutlaus aðili málsins. Hvenær voru einkunnagjafir Guðjóns færðar inn á skírteini nemenda? Það var engin 2. umferð eins og þú ert að gefa í skyn. Þetta með réttindakennaranum er orðin hálfgerð vitleysa eftir ummæli þín í Kastljósinu.

Þar talaðir þú um að hafa



Hermann Nielsson.

auglýst 8 stöður vegna réttindalausra kennara. Þú auglýstir stöðu Ingibjargar enskukennara, Arndísar dönskukennara og Friðgerðar stærðfræðikennara án vitundar þeirra en hafðir ekki auglýst þessar stöður síðustu tvö til þrjú árin. Þær Arndís og Friðgerður höfðu skoðanir sem féllu þér ekki í geð en allar þrjár hafa kennsluréttindi og fagleg réttindi á öðrum sviðum. Þær eiga það einnig sam- merkt að vera meðal bestu og vinsælustu kennara þessa skóla. Spyryjð nemendur.

Í grein minni stendur: „Nú á vorönn 2005 eru 15 kennarar með kennsluréttindi og 15 án“ Það hefur þú ekki dregið í efa enda reiknar þú með fjölda kennara allan veturinn út frá 35 kennurum. Starf framhaldsskóla skiptist í sjálfstæðar haust og vorannir og kennara- skipti verða oft milli anna. Út- bjartur fer eftir þeim forsendunum sem útreikningarnir byggjast á.

Vegna umræðu um sviðs- stjórnastöður við MÍ verður að upplýsa lesendur um eftirfarandi: Sviðsstjóri raungreina- sviðs hefur umsjón með líf- fræði, efnafræði, eðlisfræði, hjúkrunargreinum og íþróttum og er menntaður líffræðingur. Sviðsstjóri stærðfræðisviðs er viðskiptamenntaður og fer einnig með sviðsstjórn við- skiptagreina. Sviðsstjóri ís- lensku- og samfélagssviðs er sagnfræðingur. Sviðsstjóri

verkgreina er vélstjórnar- menntaður og sér um rafíð- greinar, málmíðngreinar, tré- smíði og vélstjórnargreinar. Eins og kom fram áður hafa allir kennsluréttindi og próf í sinni grein. Sviðsstjóri er- lendra mála hefur umsjón með ensku, frönsku, dönsku og þýsku.

Ingibjörg Ingadóttir fyrrverandi sviðsstjóri í erlendum málum hefur kennsluréttindi og próf í hótél- og ferðamála- greinum. Hún hefur þó sérhæft sig í ensku með 9 ára kennslu- reynslu, stundaði háskólanám og bjó í Englandi í 5 ár. Hún kenndi áður frönsku við fram- haldsskóla, bjó í Svíþjóð í 2 ár, starfaði þar sem kennari og lauk síðar 15 einingum við HÍ í bókmenntum og sænsku og hefur þar með gott vald á norrænum málum. Þá er þýskan eftir en Ingibjörg er stúdent af málavíði frá Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þrátt fyrir full kennsluréttindi og þessa menntun og reynslu í tungu- málum sem falla undir sviðs- stjóra erlendra mála sagði Ólína Ingibjörgu upp starfinu á þeirri forsendu að hún hefði ekki BA próf í ensku. Lesendur muna væntanlega að Ólína hélt því fram eftir að hafa ráðið Ingibjörgu til sviðsstjórnarstarfa í tvígang að hún uppgötvaði allt í einu að hana vantaði BA prófið hálfum mánuði eftir að Ingibjörg stefndi Ólínu f.h. MÍ. Ólína hefur margsagt ósatt um þetta atriði í vitna viðurvist sem og í uppsagnarbréfinu til Ingibjargar. Enginn sviðsstjóri erlendra mála er nú starfandi við skólann.

Í lokin get ég ekki stillt mig um að vekja athygli á nokkrum atriðum í málflytningu Ólínu Þorvarðardóttur skólameistara í Kastljósi sjónvarpsins í síð- ustu viku. Þar sagðist hún hafa boðið Ingibjörgu að leysa málið (áminningarnálið) í þrjúgang í fríðsemd. Hvílk fjarstæða, hún afhenti Ingibjörgu boðaða áminningu aðeins vegna þess

að hún vogaði sér að biðja trúnaðarmann kennara um að koma með sér í viðtal við Ólínu um jólaþrófin. Á þeim fundi fengu Ingibjörg og trúnaðarmaður kennara yfirlestur sem þau munu lengi í minnum hafa.

Ólína sagðist ekki hafa skipt sér af störfum stjórnar kennarafélags skólans! Hvernig stóð þá á því að stjórn kennara- félagsins sagði af sér einmitt af þeirri ástæðu. Hún talaði einnig um örfáa óánægða kennara sem mætti telja á fingrum annarar handar en virðist ekki gera sér ekki grein fyrir að fingur beggja handa duga ekki til, slík er óánægjan með stjórnunarhætti hennar.

Þá sagðist hún í þættinum aldrei hafa öskrað, hvorki á nemendur né kennara. Hvað þarf mörg vitni til að sannfæra konuna um hennar eigin framkomu?

Ólína sagði í viðtali á Talstöðinni að 20 kennarar við MÍ hefðu farið í sálfræðimeð- ferð. Ég spyr, hvað á konan við? Steinunn I. Stefánsdóttir vinnusálfræðingur sem Ólína fékk að skólanum og kynnti sem „bjargvætt skólans“ fyrir kennurum, ræddi við mig í 50 mínútur. Mestur tíminn fór í að SVÖT- greina skólameista- arann, styrkleika hennar, veik- leika, ógnanir og tækifæri.

Þegar ég gagnrýndi Ólínu sem skólameistara var eins og sál- fræðingurinn reyndi að verja hana og draga úr en það merki- legasta fannst mér hve mikla áherslu hún lagði á að fyrir- gefa, passa sig á að vera ekki haldinn innibýrgðri reiði, það væri mjög slæmt. Ég er ekki reiður maður að öllum jafnaði. Hins vegar get ég ekki liðið að láta fólk komast upp með að traðka á öðrum og snýst þá til varnar þótt það kosti mig óþægindi. Þannig er mér í ætt skotið og get ekki annað.

Áður var skammast út af nafnlausum heimildarmönnum fjölmiðla sem fjölluðu um átökin í Menntaskólanum á Ísafirði. Núna, þegar kennari við skólann sem vel þekkir til mála skrífur undir nafni, er viðkomandi talinn aðal söku- dólurinn í þeim ófriði sem ríkt hefur um stjórnunarhætti skólameistarans. Eins og Ólína segir: „Allar þær nafnlausu rangfærslur og persónuárásir í fjölmiðlum fá á sig nafn og andlit í grein Hermanns Niels-sonar.“ Er nema von að fólk vilji ekki láta nafn síns getið þegar það leyfir sér að víðra skoðanir sínar um vinnuad- ferðir og framkomu skóla- meistara Menntaskólans á Ísa- firði.

Hermann Nielsson,
íþróttakennari við
Menntaskólann á Ísafirði.

Ferðaskrifstofan Vesturferðir

Guðmundur ráðinn framkvæmdastjóri

Guðmundur Björn Eypórs- son viðskiptafræðingur hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Vesturferða á Ísafirði. Hann hóf störf 1. apríl síðast- liðinn.

Guðmundur lauk B.Sc. gráðu í viðskiptafræði af ferðapjónustu- og markaðs-

sviði Háskólans á Akureyri 2002 og MBA námi frá Við- skiptaháskólanum í Kalmar í Svíþjóð 2003. Guðmundur starfaði áður sem hótélstjóri á Smárahótel í Kópavogi og sem markaðsstjóri á Hótel Vík í Reykjavík.

– halfdan@bb.is

● Sælkeri vikunnar · Helga Sigmundsdóttir á Ísafirði

Kjúklingaréttur Kikoman

Sælkeri vikunnar að þessu sinni býður upp á kjúklingarétt Kikoman sem hún segir að sé bæði bragðgóður og auðveldur réttur. Helga segir að hver og einn verði að finna út hversu sterkan þeir vilji hafa réttinn. Hún mælir með að rétturinn sé borinn fram með hrisgrjónum, salati og bökuðu brauði. Þá býður Helga einnig upp á eftirrét sem einnig er auðveldur í tilreiðslu.

Kjúklingaréttur Kikoman

1 tappi eplaedik

2 dl Kikoman soya
3-5 lárviðarlauf
3-5 rif hvítlaukur
Svört piparkorn
4 dl vatn
4 kjúklingabringur

Setjið allt saman í pott og sjóðið í einn klukkutíma. Sós- an er búin til úr soðinu sem heilt er af kjúklingnum. Sigtíð sósuna og jafnið með sósujafna- ara.

Eftirrétur að hætti Helgu

1 ltr. Ab- eða súrmjólk
2 tsk vanilludropar

1-2 dl sykur
10 blöð matarlím
2 dl rjómi

Hrærið saman AB-mjólk, vanilludropa og syk. Bleytið matarlímið í 10 mínútur í köldu vatni og bætið út í AB- mjólkina og látið hana stífna smá. Þeytið rjóma og setjið saman við. Setjið kirsuberja- sultu í botn á formi og hellið þessu síðan yfir.

Ég skora á Eyrúnu Hörpu Hlynisdóttur og Torfa Jó- hannsson á Ísafirði að koma með næstu uppskrift.





Ísfirskir golfarar á faraldsfæti

Hesperia Alicante hótelið sem staðsett er við golfvöllinn.

Vestfirskir golfarar hafa verið á faraldsfæti undanfarnar vikur og sótt hina ýmsu golfstaði heim á Spáni og víðar. Hópur ísfirskra golfara heimsótti Alicante golfvöllinn heim dagana 5. til 14. apríl og annar hópur ísfirskra og bolvískra golfara spilaði golf á Íslantilla á Spáni. Allir ísfirsku kylfingarnir sem fóru til Alicante á vegum ferðaskrifstofunnar Sumarferða, sem og hópur

starfsmanna Símans, gistu á Gran Hotel Bali á Benidorm en aðrir á Hesperia Alicante hótelinu sem staðsett er við golfvöllinn í Alicante. Bæði hótelin eru fimm stjörnu og hin glæsilegustu. Þar sem nokkur spölur er á milli Alicante og Benidorm þurftu ísfirsku golfararnir að aka um 30 mínútur til og frá golfvöllinum. Golfararnir sem gistu á Hesperia hótelinu gátu hins vegar stigið

úr rekkju og farið beint á völlinn. Alicante golfvöllurinn sem er 18 holur og hannaður af Spánverjanum þekktu, Seve Ballesteros, er mjög skemmtilegur með góðum brautum og flötum auk þess sem vatn kemur mikið við sögu á flestum brautum. Gott klúbbhús er á staðnum og boðið er upp á golfbílur þar sem oft er nokkur vegalengd á milli teiga. Á staðnum er einnig mjög góð æf-

ingaraðstaða, boltaleiga og æfingaflatur til að vippann á. Ísfirsku golfararnir spiluðu flestir 18 holur á dag, þrjá daga í senn og frí í einn dag eða alls sex spíladaga. Þeir allra hördustu spiluðu þó 27 til 36 holur alla dagana að frídögum meðtöldum. Óhætt er að segja að staðurinn hafði staðið vel undir væntingum og höfðu margir á orði að þangað myndi leiðin liggja að ári.



Mikið fuglalíf er við golfvöllinn. Yfirferð golfaranna raskar ekki ró fuglanna. Grétar Sigurðsson skoðar aðstæður áður en hann þúttar.



Guðrún Aspelund, Þórunn Guðmundsdóttir, Berglind Óladóttir, Kristinn Kristjánsson og Tryggvi Guðmundsson, formaður GÍ.



Tryggvi Guðmundsson og Finnur Magnússon æfa sveifluna fyrir leik.



Beðið á teig. F.v. Anna G. Sigurðardóttir, Grétar Sigurðsson, Oddný Birgisdóttir, Kristinn Kristjánsson og Tryggvi Guðmundsson, formaður Golfklúbbs Ísafjarðar. Í golfbílum til hægri sést í Einar Val Kristjánsson, forstjóra HG.



Fasteignasala

Tryggvi Guðmundsson hdl.
www.tg.is

TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL
Hafnarstræti 1 - Ísafirði
Sími: 456 3244
Fax: 456 4547
Netfang: etgnr@tg.is
Helmasíða: www.tg.is

Einbýlishús/raðhús:

Seljalandsvegur 54: 113 m² nýlega uppgert einbýlishús á 2 hæðum. Verð 10,5 m.kr.

Hjallavegur 21: Stórt og glæsilegt einbýlishús á 2 hæðum með innbyggðri tvöfaldri bílgeymslu. Fallegt útsýni. Verð 16,6 m.kr

Sundstræti 39: 227,2 m² einb. hús á 2 hæðum ásamt kjallara og nýjum bílsk. Mikið uppgert. Verð 12,0 m.kr.

Bakkavegur 8, Hniffsdal: 182 m² steinsteypt einb. hús með bílskúr. Verð 5,2 m.kr.

4-6 herbergja íbúðir: Fjarðarstræti 32-austurendi: 126 m² 4 herbergja íbúð á tveimur hæðum í tvíbýlishúsi. Verð 6,5 m.kr.

Túngata 20: 89 m² íbúð á 3.hæð ásamt geymslu í fjölbýlishúsi. Verð 8,0 m.kr

Hlíðarvegur 29: 86 m² neðri sérhæð í tvíb. húsi, 3 svefnherbergi. Verð 8,0 m.kr.

Vegna mikillar sölu vantar einbýlishús og raðhús á söluskrá!

Aðalstræti 26a: 108 m² 4ja herb. íbúð á tveimur hæðum í miðbænum. Verð 5,9 m.kr.

3ja herbergja íbúðir:

Stórholt 13: 79,2 m² íbúð á 3ju hæð til hægri í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Skoða öll tilboð. Mög. að taka bíl uppí. Áhv. ca. 3 m.kr. Verð 5,0 m.kr.

2ja herbergja íbúðir:

Hlífl Torfnesi: 62,5 m² íbúð á 3.h., íbúðin snýr að Seljalandsvegi. Verð 7,5 m.kr

Sundstræti 34: nýleg 2ja herb. íbúð með sérinnangi á jardhæð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. Verð 5,9 m.kr.

Atvinnuhúsn./Fyrirtæki:

Thai Koon: 63 m² nýtt verslunarhúsnæði og veitingastaður í fullum rekstri, ásamt innréttingum, tækjum og áhöldum Til sölu eða leigu Tilboð óskast

Súðavík:

Vallargata 4: 86,2 m² nýlegt parhús úr timbri á einni hæð. Verð 6,2 m.kr.

Nýjar íbúðir við Skógarbraut

Allar íbúðir skilast fullmáladað án gólfefna og innréttinga.

Hægt er að kaupa 38m² bílgeymslu með íbúð.

Verð 2,5 m.kr.

Skógarbraut 3 - íbúð 101: 127,7 m² 3ja herb. íbúð með sérinnangi á neðri hæð Verð 10,3 m.kr

Skógarbraut 3 - íbúð 102: 93 m² 2ja herb. íbúð með sérinnangi á neðri hæð. Verð 8,5 m.kr

Skógarbraut 3 - íbúð 201: 151,8 m² 4ja herb. íbúð með geymslu/baðstofulofti á efri hæð. Verð 10,7 m.kr

Skógarbraut 3A - íbúð 103: 133 m² stór 3ja herb. íbúð á neðri hæð í fjörbýli. Verð 10,5 m.kr

Skógarbraut 3A - íbúð 104: 114,8 m² 3ja herb. íbúð á neðri hæð með saunaklefa og sérinnangi. Verð 9,5 m.kr.

Skógarbraut 3A - íbúð 203: 153,5 m² 4ja herb. íbúð á efri hæð með baðstofulofti. Verð 11,5 m.kr.

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskránni. Allar frekari upplýsingar eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1 og á heimasíðu okkar: www.tg.is

Smáauglýsingar

Til sölu er Mont Blanc, farangursbox ásamt þverbitum og skíðafestingum. Upplýsingar í síma 456 5363.

Til sölu er lítið einbýlishús að Brekkugötu 10 á Þingeyri. Uppl. í síma 456 8339 og 456 8187.

Óska eftir notuðu kvenreiðhjól. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í síma 891 7731.

Til sölu eru notuð 16" Cooper, heilsársdekk. Upplýsingar í síma 892 1694.

Íþróttafélagið Ívar heldur aðalfund miðvikudaginn 4. maí kl. 17 á Hótel Ísafirði. Allir velkomnir. Stjórnin.

Þrettán ára stelpa óskar eftir að passa 1-3 ára barn í sumar. Uppl. í síma 849 5315.

Til sölu er Subaru Legacy árg. 1997, ekinn 159 þús. km. Uppl. í síma 456 8439 og 846 6397.

Spilavist í Guðmundarbúð á föstudag, 29. apríl kl. 20. Allir velkomnir!

Til sölu er Subaru Justy, 4x4, árg. 1990, ekinn 80 þús. km. Uppl. í síma 868 4080.

Næsta fimmtudagskvöld fer af stað gönguhópur sem býður alla íbúa Ísafjarðarbæjar velkomna. Hópurinn leggur af stað frá íþróttahúsinu kl. 20. Verðum öll mánudags- og fimmtudagskvöld í sumar. Heilsuefling Ísafjarðarbæjar.

Ástargaukspar með búri og varpkassa er til sölu. Hefur komið upp ungum. Einnig hvítur disarpáfagaukur, kvk. með búri. Uppl. í síma 866 9824.

Til sölu er Toyota LandCruiser 90 LX árg. 1997. Uppl. í síma 893 4711.

Andey lagt

Andey ÍS, skipi Hraðfrystihússins - Gunnvarar, hefur verið lagt tímabundið við bryggju. Aðspurður segir Sverrir Pétursson, útgerðarstjóri HG, að ástæða þessa sé einföld. „Það er ekkert að hafa í rækjunni. Á meðan aflabrögðin eru með þessum hætti ætlum við að fara okkur rólega og bíða aðeins“, segir Sverrir. Eins og sagt var frá í haust var Framnesi ÍS lagt af sömu ástæðu og er með öllu óljóst hvenær haldið verður aftur til veida. „Það hangir náttúrulega á sömu spýtni“, segir Sverrir Pétursson, útgerðarstjóri.

Æskuminning Kjartans Sigmundssonar sem ólst upp í Höfn í Hornvík

Meintur njósnari vakti óhug

Kjartan Sigmundsson, sem ólst upp í Höfn í Hornvík, hefur sent blaðinu eftirfarandi æskuminningu til birtingar:

„Þessi saga gerðist í kringum 1940. Þá höfðu Englendingar hernumið Ísland. Sterkur grunur vaknaði um að þýskur njósnari væri á sveimi á Vestfjörðum, en þó sérstaklega á Hornströndum. Sá grunur varð enn sterkari er bóndi nokkur sem bjó í Hælavík sá ljós uppi á fjalli því er Skálarkambur heitir. Grunaði marga að hér væri á ferðinni þýskur njósnari. Vakti það mikinn óhug, sérstaklega hjá unglíngum sem þurftu að huga að kindum upp um hlíðar og fjöll.

Ég og foreldrar mínir áttum heima í Höfn í Hornvík þegar þessi saga gerðist. Ég var á leið niður fjallið vestan við bæinn sem heitir Kollur. Þegar ég var kominn niður á nesda hjallann upp af bænum varð mér lítið fram í vikina. Sá ég þá að maður var á leið heim að húsinu. Það var óvenjulegt að sjá mann koma þessa leið ofan af Hafnarfjalli. Yfirleitt komu menn utan af Rekavík inn í

Höfn. Ég sló því strax föstu að þarna væri á ferð þýski njósnarinn sem allir töluðu um.

Foreldrar mínir voru einir heima og þar sem ég var staddur á hjallanum fyrir ofan bæinn sá ég mér ekki annað fært en að fela mig á bak við stein sem var þarna hjá. Ég þorði ekki að hlaupa heim því þá hefði hann getað séð mig og jafnvel ráðist á mig. Ég var sem sagt vopnlaus, bara með gamlan vasahníf sem gömul kona hafði gefið mér þegar ég var sex ára og hefði hann ekki mikið dugað á móti nýttísku þýskum vopnum.

„Sennilega er hann með skambyssu og handsprengjur sem hann gæti hent í mig ef illa lægi á honum“, hugsaði ég. Ég sá hann greinilega þegar ég kíkti framundan steininum. Þetta var stór og sterklegur maður. Hann var með poka á bakinu sem var örugglega fullur af skotfærum og sprengjum.

„Hann mun sennilega ráðast á gömlu hjónin, lemja þau og binda þau svo“, hugsaði ég. Síðar myndi hann hreinsa allan mat úr húsinu. Ég hugsaði til

stóra pönnukökustafans sem mamma hafði bakað um morguninn og mér fannst það grátleg tilhugsun að hann myndi háma þær allar í sig. Það var margt sem flaug í gegnum hausinn á mér á þessari stundu.

Nú átti hann eftir um þrjú hundruð metra heim að húsinu. Þetta voru ógnþrungin augnablik. „Ætti ég kannski að ná mér í stein og hlaupa eins og fætur toga og kasta í hausinn á honum“, hugsaði ég. En þegar til kastanna kom guggnaði hetjan og hugmyndin rann út í sandinn. Nú var allt komið á síðasta snúning.

„Á ég kannski að biðja Guð að láta njósnarann detta niður dauðan á stundinni. Nei, þetta er allt of stuttur tími til að redda svona stórrí bön“, hugsaði ég. Sér í lagi þar sem ég vissi mig hafa verið slakan undanfarnar vikur og mánuði að fara með bænirnar á kvöldin og signa mig á morgnana eins og maður gerði þegar maður var þínultill. Maður var nú orðinn tólf ára og fannst að maður mætti nú sleppa við bænirnar svona í viku eða



Kjartan Sigmundsson.

mánuð.

Jæja, þá var örlagastundin runnin upp. Maðurinn gekk upp tröppurnar heima á bænum og bankaði. Þetta var ótrúlegt, ekki hélt ég að þýskur

njósnari og nasisti brúkaði mannsiði. En þetta var sennilega bara plat hjá honum. Þegar hurðin yrði opnuð ætlaði hann að grípa foreldra mína og binda þau, eða kannski eitt-hvað enn verra. En þegar hurðin opnaðist gerðist það furðulegasta í öllu þessu nasista-ævintýri. Mamma stóð í dyrnum og heilsaði honum. „Komdu blessaður og sæll Jón minn og vertu velkominn. Það er langt síðan að þú hefur komið á þessar slóðir. Gjörðu svo vel og gakkstu í bæinn.“

Þarna urðu mikli fagnaðarfundir. Þessi maður var þá mikill og góður vinur þeirra hjóna. Jón Magnússon frá Stað í Aðalvík.“



ÍSAFJARÐARBÆR

STAÐA LEIKSKÓLASTJÓRA VIÐ LEIKSKÓLANN GRÆNAGARÐ

Leikskólinn Grænigardur á Flateyri auglýsir lausa stöðu leikskólakennara við leikskólann.

Leikskólinn er einnar deildar skóli sem vinnur eftir Hjallastefnunni og aðalnámskrá leikskóla og er með börn á aldrinum eins til sex ára. Æskilegt er að viðkomandi sé sjálfstæður í vinnubrögðum, hafi frumkvæði, metnað og séð góður í mannlegum samskiptum.

Leikskólakennaramenntun er æskileg, en annars er tekið mið af starfsreynslu og meðmælum viðkomandi.

Nánari upplýsingar veitir Barbara Ferster, leikskólustjóri í síma 456 7775, netfang: graenigardur1@isafjordur.is



Séð inn í Hornvíkina. Hornbjargið er lengst til hægri.

STAKKUR SKRIFAR

Snjóflóðavarnir í Holtahverfi

Snjóflóðin eru stór þáttur í lífi okkar Vestfirðinga eins og glöggst sannast á Ísafirði nú á vordögum. Mörgum bregður við framkvæmdir upp á hálfan milljarð, þótt hlutur bæjarins verði aðeins 50 milljónir, sem reyndar er dágóð upphæð fyrir Ísafjarðarbæ. Peningarnir eru þó ekki aðalmálið heldur umfang snjóflóðavarnargarðsins sem ætlað er að verja blokkir í Holtahverfi og telja sumir að sérfræðingar séu á villigötum, en þeir eru reyndar aðeins að sinna skyldu samkvæmt lögum um ofanflóð og varnir gegn þeim, það er að segja flóðunum, ekki lögunum. Siggí á Góustöðum, sá ágæti maður, telur þá ekki vera að gera réttu hlutina. Hann telur að ekki falli þarna snjóflóð og dæmi munu vera um tiltölulega fá skráð snjóflóð. En þá ber að varast að draga of fljótfærnislegar ályktanir.

Nægir að líta til sorpbrennslustöðvarinnar Funa í Engidal, sem fengið hefur á sig snjóflóð og vildu sumir eldri menn meina að það hefði verið vitad mál að svo kynni að fara. Sama var uppi á teningnum á Flateyri. Eftir stóra snjóflóðið í október 1995 fóru að rifjast upp gamlar sögur um flóð sem náð hefðu niður að Tjörninni, sem var þar sem Tjarnargatan er nú. Eldri menn mundu að börn höfðu verið vöruð við að vera þar að leik við ákveðnar veurfarsaðstæður. Sama mun hafa komið í ljós í Súðavík eftir stóra janúarflóðið 1995, þótt í minna mæli hafi verið. Skráningu hefur oft

verið ábótavant í gegnum tíðina og það getur villt um fyrir mönnum. Einmitt þess vegna eiga sérfræðingar að ræða við þá sem telja sig vita eitt-hvað um gang snjóflóða í Holtahverfi. Enginn skaðast af því og ekki er skylda til að fara eftir því heldur, þótt frásagnir geti varpað skýrara ljósi á það sem við er að fást í þessum efnunum.

Með sama hætti er gott að láta ekki sólna og vorið villa sér sýn. Þær fórnir sem Vestfirðingar hafa fært vegna snjóflóða er allt of stórar svo lítið verð gert úr lagaskyldu til að verja byggðir með öllum tiltækum ráðum, þótt dýr kunni að reynast. Rétt kann þó að vera að staldra við í sumar og rannsaka málavexti betur með samtölum við menn. En þessar umræður draga athyglina að alvöru málsins og því hve mikilvægt er að skrá vel atburði, svo ekki þurfi að hafa mikið fyrir því að rifja upp staðreyndir. En hversu einkennilega sem það kann að hljóma þá verða atburðir oft ekki staðreyndir nema að vera skráðir í samtíma sínum. Ef beðið er of lengi litast skráningin enn frekar af persónulegri upplifun þeirra sem hlut áttu að málum.

Það er hafið yfir allan skynsamlega vafa að sé byggð undir snjóflóðahættu skal verja hana. Það segja lögin. Víst mun því garðurinn rísa, en tókum umræðuna öllum til gagns.

mannlífíð

Ábendingar um efni sendist
Hjaltadóttur, thelma@bb.is

tíl Thelmu
sími 849 8699

Í dag er miðvikudagurinn
27. apríl, 118. dagur ársins 2005

Pennan dag árið 1858 kom póstgufuskipið Victor Emanuel til Reykjavíkur í fyrstu áætlunarferðinni frá Kaupmannahöfn. Áður höfðu seglskip haldið uppi þessari þjónustu. Meðal farþega var Konrad Maurer, þýskur prófessor og Íslandsvinur. Hann ferðaðist um landið og skrifaði bók um ferðina.

Pennan dag árið 1915 lagði Gullfoss af stað til New York og kom þaðan mánuði síðar. Hann var fyrstur íslenskra skipa með íslenskan skipstjóra og íslenski áhöfn til að sigla milli Íslands og Ameríku síðan á dögum Leifs heppna.

Pennan dag árið 1944 voru kynntar niðurstöður úr samkeppni um hátíðarljóð fyrir Lýðveldishátíðina 17. júní 1944. Bestu kvæðin voru eftir Huldu, eða Unni Benediktsdóttur Bjarklind og Jóhannes úr Kötlum.

● Á þessum degi fyrir 28 árum



Skíðatogbraut í Bolungarvík

Ungmennafélag Bolungarvíkur var stofnað 1. apríl 1907, fyrsti formaður þess var Jóhann J. Eyfirðingur. [...]

Félagið byggði sundlaug í Bolungarvík árið 1932, sem þá var fyrsta kolakanta sundlaug landsins. Félagið átti drjúgan þátt í byggingu Félagsheimilis Bolungarvíkur, og var á fundi þess fyrst rætt um byggingu þess.

Á þessum árum lagði félagið mikið upp úr leikstarfsemi, frjálsum íþróttum svo og almennri félagsstarfsemi. Nú hin síðari ár hefur félagið lagt aukna áherslu á æskulýðs- og íþróttamál, og má segja að starfið sé blómlegt í ýmsum greinum, og má þar nefna knattspyrnu, skák og skíðaðikun og eins bindur félagið miklar vonir við nýju sundlauginu sem nýlega hefur verið tekin í notkun í Bolungarvík.

Fyrir nokkrum árum festi félagið kaup á skíðatogbraut, og nú í tilefni afmælisins festi félagið kaup á nýrri 450 m togbraut, sem er af Dobbeltmayer gerð.

● Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Norðaustan- og norðanátt, yfirleitt 5-10 m/s og kólnandi veður með skúrum eða slydduéljum norðantil.

Horfur á laugardag:

Norðaustan- og norðanátt, yfirleitt 5-10 m/s og kólnandi veður með skúrum eða slydduéljum norðantil.

Horfur á sunnudag:

Norðaustan- og norðanátt, yfirleitt 5-10 m/s og kólnandi veður með skúrum eða slydduéljum norðantil.

Horfur á mánudag:

Snýst í suðvestanátt með vætu. Hlýnar í veðri.

● Spurning vikunnar

Hvernig líst þér á fyrirhugaðar snjóflóðavarnir í Holtahverfi?

Alls svöruðu 536. – Vel sögðu 125 eða 23% – Illa sögðu 324 eða 60% – Hlutlausir voru 87 eða 17%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

● Hvað er að fréttá? · Auður Guðjónsdóttir, nemi við Menntaskólann á Ísafirði

Rosalega gaman og ekkert stress

„Það var alveg rosalega gaman að taka þátt í söngkeppni framhaldsskólanna fyrir hönd MÍ. Æðisleg upplifun. Keppnin var vel sótt en það voru um 1700 aðgöngumiðar seldir. Þótt ótrúlegt sé þá var ég ekkert stressuð heldur var þetta bara gaman. Það má að miklu leyti þakka þessum frábæra stuðningshóp sem ég hafði, en MÍ

hvatti mig dyggilega áfram. Það ríkti mikil stemmning í kringum þetta allt. Fjórar æfingar voru fyrir keppnina og þar fyrir utan hittust keppendurnir og borðuðu saman. Við fengum fördun og hárgreiðslu fyrir stóra kvöldið. Hrud Arnadóttir sigraði fyrir hönd Menntaskólans í Reykjavík og hún söng mjög vel. Þó kom mér það reyndar á óvart

að hún skyldi vinna því ég bjóst við að sú sem hreppti annað sætið myndi sigra. Hún keppti fyrir Verkmennaskólann á Akureyri.

Það er aldrei að vita nema ég eigi eftir að læra jazzsöng seinna en núna er bara á dagsskránni að klára skólann,“ sagði Auður Guðjónsdóttir, nemi við Menntaskólann á Ísafirði.



Kann vel við mig í þessum bransa

Ísfirðingurinn Helgi Þór Arason hefur tekið við umsjón stefnumótáþáttarins Djúpu laugarinnar á Skjá einum. Meðstjórnandi hans er Gunnhildur Helga Gunnarsdóttir. Þátturinn sem hefur notið mikilla vinsælda um árabil hóf göngu sína á ný föstudaginn 15. apríl eftir nokkurt hlé. „Fyrsti þátturinn gekk mjög vel og við vorum ánægð með hann. Við Gunnhildur höfum nú verið að vinna á hverjum degi við undirbúningsvinnu en það liggur heilmikið að baki hvers þáttar, sem fólk gerir sér kannski ekki grein fyrir“, segir Helgi Þór.

– Verða einhverjar nýjungar í þættinum um dir stjörn ykkar Gunnhildar?

„Já það verður heilmargt nýtt á nálinni. Meðal annars verður boðið upp á símakosningu þar sem þjóðin getur valið einn keppenda til að fara á stefnumótið. Spyrillinn getur því þurft að fara í ævintýrið með tveimur aðilum nema að þjóðin velji sama keppenda og hann. Svo er ýmislegt meira nýtt á dagsskrá en þátturinn er orðinn mun fágæðri en áður.“


Er ekki að snúa baki við Apollo

– Helgi Þór varð landsþekktur við þátttöku sína í Idol-Stjörnuleit þar sem hann hafnaði í sjötta sæti. Vestfirðingar þekktu hann þó áður fyrir sönghæfileika sína í ísfirsku hljómsveitinni Apollo.

„Ég er byrjaður með nýrri hljómsveit svo það er alveg nóg að gera hjá mér. Hljómsveitin heitir Nokkuð skothelt og er skipuð af nokkrum strákuum úr Reykjavík sem flestir eru menntaðir í Menntaskólanum við Hamrahlíð. Þetta eru strákar á aldrinum 20-25. Ég er þó alls ekki að snúa baki við Apollo, en þeir eru allir fyrir vestan og ég nýfluttur til Reykjavíkur. Ég varð því að finna mér eitthvað til að gera í tónlistinni hér fyrir sunnan. Ég er þó á leiðinni vestur um helgina til að spila með Apollo og mun koma nokkrum sinnum í sumar og spila á ýmsum stöðum. Einnig mun Halldór Smáráson úr Apollo spila af og til með Nokkuð skothelt á hljómborð.“

– Hvernig er að starfa fyrir framan myndavél, ertu orðinn þaulvanur því eftir þátttökuna í Idol Stjörnuleit?

„Nei, ég myndi nú ekki segja að ég væri orðinn þaulvanur. En það er tvímælaust reynslan sem gildir í svona málum og mér finnst ég verða sífellt öruggari og verð vonandi betri með hverjum þættinum. Annars kann ég bara mjög vel við mig í þessum bransa. Það er alltaf eitthvað nýtt að læra á hverjum degi“, segir Helgi Þór sem mun vera tíður heimilisgestur um allt land í gegnum sjónvarpsskjáinn næstu mánuði, þar sem hann verður í hlutverki Amors við að koma fólki á stefnumót.



● **Borgin mín** · Pétur Magnússon, iðnverkamaður á Ísafirði

Toppurinn að fara á Anfield Road

„Draumaferðin mín er til Liverpool í Englandi á fót-boltaleik með liðinu Liverpool á Anfield Road. Það væri toppurinn því ég er að sjálfsögðu „Poolari“ í húð og hár en á eftir að fara þangað. Ég stefni því á að fara þangað á næsta ári. Langskemmtilegast væri



að fara þegar þeir keppa við Everton þó það sé ekki skil-yrði.

Önnur ástæða fyrir því að gaman væri að fara til Liverpool er sú að hún er Bítla-borgin, þó að ég sé nú sjálfur Rolling Stones aðdáandi,“ segir Pétur Magnússon, iðn-verkamaður á Ísafirði.



● **Vestfirskar þjóðsögur** · Gísli Hjartarson

Smyglaðar Camel

Jón Sigurðsson Hansson, sem lengi var vinnumaður á Laugabólí í Ísafirði í Djúpi en átti síðast heima á Ísafirði, var eitt sinn fyrir löngu á vertíð í Keflavík. Jón reykti mikið og ævinlega Camelsigaretter sem honum voru útvegaðar frá Ameríkönóm á Keflavíkurflugvelli.

Kristján Pétursson, deildarstjóri í tollinum, tók Jón eitt sinn til yfirheyrslu vegna smygluðu vindinganna. Ætlaði Kristján að reyna að stöðva sigarettusmyglið af vellingum og finna hverjir stæðu á bak við söluina. Á þessum árum reyktu menn alls staðar og þótti ekki tiltökumál. Báðir keðjureyktu þeir Kristján og Jón við yfirheyrsluna. Ekkert hafðist upp úr Jóni. Þegar yfirheyrslunni var lokið lá smyglaður Camelpakki á borðinu á milli þeirra. Jón horfði á pakkann, leit síðan á Kristján og spurði:

„Eh, á ég þennan pakka, eða, eh, er þetta pakkinn þinn, vinur?“

● **Starfið** · Skarphéðinn Jónsson, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði



● **Sportlið í beinni**

Skjáreign:

Laugardagur 30. apríl:
Kl. 14:00 – Enski boltinn:
 Liverpool – Middlesbrough.
Kl. 16:15 – Enski boltinn:
 Bolton – Chelsea.

Sunnudagur 1. maí:
Kl. 12:00 – Enski boltinn:
 Tottenham – Aston Villa.
Kl. 15:05 – Enski boltinn:
 Charlton – Man. Utd.

Mánudagur 2. maí:
Kl. 22:40 – Enski boltinn:
 WBA – Arsenal.

Sýn:
Laugardagur 30. apríl:
Kl. 14:50 – Meistaradeild:
 Ciudad Real – Barcelona.
Kl. 19:50 – Spænski boltinn:
 Real Sociedad – R. Madrid.
Kl. 21:50 – NBA boltinn:
 Washington – Chicago.

Sunnudagur 1. maí:
Kl. 12:50 – Ítalski boltinn:
 Juventus – Bologna.
Kl. 16:50 – Spænski boltinn:
 Barcelona – Alacete.
Kl. 19:30 – NBA boltinn:
 New Jersey – Miami.

● **Stuttar fréttir**

Fá styrki frá ráðuneytinu

Rokkhátíðin Aldrei fór ég suður hefur fengið úthlut- að 200 þúsund króna styrk úr tónlistarsjóði mennta- málaráðuneytisins. Er þetta í fyrsta sinn sem úthlutað er úr sjóðnum. Þá fékk Örn Elías Guðmunds- son sem betur er þekktur undir nafninu Mugjón hálf milljón úr sjóðnum.

Dreymsdi um að verða strætóbílstjóri

Rúm tuttugu ár eru síðan ég útskrifaðist úr Kennaraháskól- anum, síðan hef ég starfað sem kennari og skólastjóri. Í starf- inu felst allt milli himins og jarðar. Dæmigerður vinnudag- ur hefist á því að meta stöðuna að morgni, stundum ef forföll eru töluverð í starfsmanna- hópnun tek ég einn og einn forfallatíma. Þess utan kenni ég nokkra tíma fast. Annars er starfið einkum skipulags- vinna, samskipti við starfsfólk, aðila og stofnanir bæjarins,

samskipti við foreldra, um- sjón með stærri innkaupum o.m.fl. Helstu kostir starfsins eru samskipti við fjölmarga aðila innan og utan skóla. Stundum eru þessir sömu þættir gallar þar sem erfitt getur reynst að loka sig af til að helga sig ákveðnum viðfangsefnum sem krefjast næðis, þegar þannig stendur á reyni ég að koma aftur að kvöldi eða um helgar til að sinna þeim þát- um.

Þegar ég var strákur stóðu draumar mínir í þá átt að verða flugstjóri og strætóbílstjóri, ég held að margir strákar á þeim árum hafi átt sér svipaða drauma. Eflaust hefur mig dreymt margt annað en þetta stendur uppúr. En þetta erfjöldmennur vinnu- staður og ég nýt þeirra forrétt- inna að starfa með frábærum krökkum og góðu starfsfólki. Mér finnst reyndar að foreldra- starfi hafi hniagnað á síðari ár- um, þá er ég ekki bara að tala

um þennan skóla heldur finnst mér þetta vera þróunin al- mennt. Þá er ég bæði að tala um formlega aðkomu foreldra að skólastarfinu og ekki síður óformleg tengsl sem e.t.v. varðar aðkomu að ákveðnum bekkjum eða viðburðum. Þetta er afar slæm þróun því for- eldrahópurinn á að vera okkar sterkasti bandamaður varð- andi uppeldi, forvarnir og menntun barnanna. Ef skólinn starfar af metnaði og foreldrar standa þétt að baki barna sinna

þá eru okkur allir vegir færir. Hvað þetta varðar finnst mér að við verðum að blása í her- lúðra. Að lokum má geta þess að mér finnst að ráðamenn heima í héraði hafi skilning á þeirri starfsemi sem hér fer fram og reyni hvað þeir geta til að auka veg og vanda skólastarfsins. Stundum greinir menn á í þeim efnum og vilja fara ólíkar leiðir og forgangsraða með mismun- andi hætti en um það snýst stjórnum og pólitík.

● **Brennslan mín** · Sigríður Björk Guðjónsdóttir, sýslumaður á Ísafirði

„I shot the sheriff“ í sérstöku uppáhaldi

Það eru svo mörg lög í uppáhaldi að ég nefni aðeins nokkur. Þetta eru fyrstu 10 lög sem komu upp í hug- ann.

- 1. Changes – David Bowie**
Lagið hefur lengi höfðað til mín og í raun flest með honum, meira að segja disk- óplatan hans Let's dance.
- 2. I shot the sheriff – Bob Marley**
Bob Marley hefur verið í uppáhaldi í tvo áratugi, sér- staklega þetta lag sem er nú ekki sérlega viðeigandi í

- 3. Nothing compares to you – Sinaid O'Connor**
Frábært lag frá sokka- bandsárunum og tilhugalíf- inu.
- 4. Waiting for a girl like you – Foreigner**
Sama gildir um þessa óskaplega fallegu melódíu og lagið hér fyrir ofan.
- 5. I want to break free – Queen**
„Ryksugulagið“ með Queen

- 6. It's so quiet – Björk Guðmundsdóttir**
Rifjar upp skemmtilegar minningar með dóttur minni þegar við bjuggum í Danmörku veturinn 1995-1996.
- 7. Töfraflautan – Mozart**
Töfraflautan í heild sinni er í miklu uppáhaldi en þó sérstak- lega söngur Næturdrottning- arinnar sem hægt var að nota til að róa heldur kraftmikinn son minn þegar hann var unga- barn.

- 8. Wacht auf – Bach**
Óskaplega falleg tónsmíð, má nota það til að láta stressið líða úr eftir erfiða törn. Ég mæli eindregið með því.
- 9. Hooked on a Feeling – Blue Swede**
Lagið gerir mikla lukku hjá ungvíðinu og hægt að koma af stað miklum dansæfingum með því að spila það hátt.
- 10. Í faðmi fjalla blárra – Jónas Tómasson**
Loks verð ég að nefna „Í faðmi fjalla blárra“ sem kemur dag- lega í hugann, enda frábært



Sigríður Björk Guðjónsdóttir.
 útsýni af Urðarveginum þar sem ég bý.

Bolungarvík stofnaðili

Bæjarstjórn Bolungarvíkur hefur samþykkt stofnaðild sveitarfélagsins að Há- skólasetri Vestfjarða. Fulltrúar minnihluta bæj- arstjórnar, þau Soffía Vagnsdóttir, Bergur B. Karlsson og Ketill Elías- son, létu bóka við afgreið- sluna að með því að sam- þykja að Bolungarvíkur- bæri gerist stofnaðili að Háskólasetri Vestfjarða líti þau svo á að stofnun þess sé leiðarljós til stofnunar sjálfstæðs Háskóla Vest- fjarða „innan svo skamms tíma sem mögulegt er“.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum í 20 ár
BÆJARINN BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 250 m/vsk

www.bb.is – daglegar fréttir á netinu

PÓSTURINN
allur pakkinn



Enn á eftir að leggja 7-8 kílómetra af bundnu slitlagi. Myndin var tekin í Skötufirði um helgina.

Ísafjarðardjúp

Ólagt á 7-8 kílómetra

Eins og vegfarendur um Ísafjarðardjúp hafa eflaust tekið eftir hefur ekki tekist að klára nýbyggingu Djúpvegar frá Kleifum í Skötufirði að Hesti í Hestfirði, en verklok áttu að vera þann 1. nóvember á síðasta ári. Eftir á að leggja 7-8 km af bundnu slitlagi. Gunnar Sigurgeirsson, eftirlitsmaður Vegagerðarinnar, segir kraft vera kominn í framkvæmdirnar og að unnið sé á fullu.

„Það er reiknað með því að klæðningin verði komin á þann 15. júní í síðasta lagi. Að undanfögnu hafa 12-13 manns verið að vinna í verkinu. Það hefur verið gangur í þessu, til dæmis eru allar rofvarnir milli vegs og sjávar tilbær“, segir Gunnar. Verktakafyrirtækið Klæðning ehf. hefur verkið með höndum.

Aðspurður um mögulegar dagsektir vegna þeirra tafa sem orðið hafa á framkvæmdinni vildi Gunnar ekkert segja annað en að ekkert slíkt hafi að sér vitandi verið ákveðið.

– halfdan@bb.is



Songkranhátíð á Ísafirði

Tælenska nýárinu var fagnað með Songkranhátíð á Ísafirði á sunnudag. Skrúðganga hélt frá Hlíf sem leið lá í Grunnskólann á Ísafirði þar sem boðið var upp á dansa, fróðleg erindi, mat og kaffiveitingar. Sjá nánar á blaðsíðu 6.

Ómar Már Jónsson sveitarstjóri Súðavíkurhrepps

Fylgjandi viðræðum við Leið ehf.

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri Súðavíkurhrepps segist fylgjandi viðræðum við Leið ehf. um það hvort og þá með hvaða hætti sveitarfélög geti komið að framkvæmdum við veg um Arnkötuldal sem Leið ehf. hefur undirbúið undanfarin ár. Samkvæmt vegaáætlun fyrir árin 2005-2008, sem nú liggur fyrir Alþingi, verður

framkvæmdum þar tæplega lokið fyrr en á næsta áratug. Í frétt bb.is í síðustu viku lýsti formaður stjórnar Leiðar ehf. sig reiðubúinn í viðræður við sveitarfélög ef það mætti verða til þess að flyta framkvæmdum við gerð vegar um Arnkötuldal og Gautsdal. Hugmyndir hafa verið uppi meðal sveitarstjórnarmanna að undanfögnu



Ómar Már Jónsson.

um hvort sveitarfélög geti komið að verkinu.

Ómar Már segist fylgjandi því að ræða við Leið ehf. um hvort og þá með hvaða hætti sveitarfélög geti komið að framkvæmdunum. „Það er nokkuð ljóst að vegur um Arnkötuldal verður ekki lagður fyrr en á næsta áratug. Sveitarfélög hafa hins vegar bent á

nauðsyn þess að vegagerð um Arnkötuldal verði lokið fyrir árslok 2008. Sú afstaða er ennþá óbreytt. Ef einhver flötur finnst á því að flyta verkinu þá er sjálfsgagt að ræða það mál“, segir Ómar Már. Hann segir jafnframt ekki óeðlilegt að Fjórðungssambandið komi að málinu fyrir sveitarfélögin.

Heimsforseti JCI kunnir vel við sig á Ísafirði

Kevin Cullinane, alþjóðlegi forseti JCI hreyfingarinnar, heimsótti Ísafjörð á fimmtudag í síðustu viku í opinberri heimsókn sinni til landsins. „Ég kom til Íslands fyrir átta árum á þing á vegum JC. Ég hafði þó aldrei áður komið til Ísafjarðar og kann mjög vel við mig hér, en sjálfur kem ég frá sjávarþorpi á Írlandi sem heitir Cobh“, segir Kevin. Honum var boðið til hádegisverðar í Faktors húsinu með stjórn JCI Vestfjarða, Gísla

Úlfarssyni landsforseta JCI hreyfingarinnar og Birnu Lárusdóttur forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.

Að honum loknum ávarpaði Kevin opin fund, sem haldinn var í Safnahúsinu á Eyrartúni. Einnig þáði hann kaffiveitingar í Kiwanishúsinu á Skeiði áður en hann hélt aftur til Reykjavíkur. „Það er einstaktækifæri að fá að ferðast um heiminn og kynna fólk í mismunandi stöðum um leið og ég fræðist um starf aðildar-

félaga JCI. Ég hef heimsótt 26 lönd frá því í janúar og held næst til Glasgow í Skotlandi“, segir Kevin.

JCI Vestfirðir er stærsta aðildarfélag JCI samtakanna á Íslandi. Var það valið aðildarfélag ársins í Evrópu á Evrópuþingi Junior Chamber International sem haldið var í Lausanne í Sviss síðasta sumar. Um 6.000 aðildarfélög eru starfandi innan JCI í heiminum sem telja um 200.000 félaga. – thelma@bb.is



Stjórn JC Vestfjarða ásamt Kevin Cullinane sem er annar til hægri í neðri röð, Gísla Úlfarssyni, landsforseta JCI og Birnu Lárusdóttur, forseta bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar.